

HRÚTASKRÁ

2018 - 2019



Kraftblanda

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu.

Kraftblanda-30

30% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen

Kraftblanda-15

15% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen



EFNISYFIRLIT

Skýringar	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar	8
Kollóttir hrútar	18
Fallnir hrútar 2017-2018.....	25
Hrútar 2018-2019, lambhrútaskoðun og kynbótamat.....	26
Vesturland	
Hyrndir hrútar	28
Kollóttir hrútar	36
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2018.....	41
Sauðfjársetrið á Ströndum.....	42
Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2018.....	44
Árangur sæðinga vorið 2018 eftir sæðishrútum	45
Sauðfjársæðingar og beiðslu.....	46
Arfgerðir sauðfjár.....	48
Fræðasetur um forystufé.....	50

ATRÍÐISORÐASKRÁ

SUÐURLAND

HYRNDIR

Kölski 10-920	8
Bergur 13-961	9
Klettur 13-962	9
Gutti 13-984	10
Bíldur 14-800	10
Frosti 14-987	11
Tvistur 14-988	11
Eiríkur 15-803	12
Gunni 15-804	12
Fjalldrapi 15-805	14
Náli 15-806	14
Drangi 15-989	16
Njörður 15-991	16
Durtur 16-994	17
Drjúgur 17-808	17

KOLLÓTTIR

Blær 11-979	18
Jökull 13-811	18
Móri 13-982	20
Fannar 14-972	20
Kollur 15-983	21
Dúlli 17-813	21

FELDFJÁR- OG FORYSTU

Lobbi 09-939	22
Strumpur 14-815	23

VESTURLAND

HYRNDIR

Borkó 11-946	28
Kraftur 11-947	28
Malli 12-960	29
Dreki 13-953	29
Spakur 14-801	30
Bergsson 14-986	30
Angi 15-802	31
Raxi 15-807	32
Mávur 15-990	32
Óðinn 15-992	33
Fáfnir 16-995	33
Glæpon 17-809	34
Köggull 17-810	34

KOLLÓTTIR

Brúsi 12-970	36
Ebiti 13-971	36
Molli 13-981	37
Plútó 14-973	37
Reykur 14-812	38
Guðni 17-814	38

FELDFJÁR- OG FORYSTU

Melur 12-978	40
Nikulás 15-977	40

Hrútaskrá 2018-2019

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar
á Suður- og Vesturlandi
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson
Ljósmynd forsíðu og aðrar myndir
© Halla Eygló Sveinsdóttir
Myndir af hrútum: Halla Eygló Sveinsdóttir,
Sigurjón Einarsson og Torfi Bergsson
ISSN 1608-084X
Umbrot: Rósa Björk Jónsdóttir.
Prentun: Fjölritunar- og útgáfuþjónustan,
nóvember 2018

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls

ULLARLÝSINGAR

Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ

Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; **E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2**. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; **1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14**. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR SKROKKGÆÐI (GERÐ OG FITU)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2009-2018. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokk-gæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 50% en gerðarmatið 50%. Í sviga er birt öryggi matsins. Kjötmatsgögn fyrir 2018 miðast við stöðu gagnagrunns 29. október 2018.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR FRJÓSEMI OG MJÓLKURLAGNI

Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2007-2016, fyrir frjósemi ær fæddar 2008-2017. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra. Í sviga er birt öryggi matsins.

KYNBÓTAMAT (BLUP) - HEILDAREINKUNN

Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi skrokk-gæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokk-gæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110. $((120+110+100)/3 = 110)$.

LITAERFDIR

Litaerfdir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreindir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísun fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

ARFGERÐARGREINING V/RIÐUSMITS

1.

VERNDANDI ARFGERÐIR (ARR/ARR; ARR/ARQ; ARR/ARH; ARR/AHQ). Erfðafræðilega mest verndandi. Finnast ekki í íslensku fé.

2.

LÍTID NÆMAR ARFGERÐIR (AHQ/AHQ; AHQ/ARQ). Erfðafræðilega lítið næmar fyrir smiti.

3.

MIÐLUNGSNÆM ARFGERÐ (ARQ/ARQ). Hlutlaus arfgerð. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.

4.

ÁHETTUARFGERÐIR (ARQ/VRQ; AHQ/VRQ; VRQ/VRQ). Erfðafræðilega mikið næmi fyrir smiti.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort með miðlungsnaema arfgerð eða lítið naema arfgerð.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst.

Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið.

Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.



FÓÐURBLANDAN
- gæði í hverri gjöf



Fjölbreytt úrval bætiefna

166*

Skammtar



SHEEP CONDITIONING DRENCH

500*

Skammtar



COBALT, SELEN & B12

Gildir til 31.12.2018

-25%

100*

Skammtar



CHEVIVIT E-SELEN

*skammtastærðir á myndum miðast við sauðfé

www.fodur.is

FÓÐURBLANDAN - GÆÐI Í HVERRI GJÖF

Sendum um
allt land

Hafðu samband
5709800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
5700010

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
5700070

FB Verslun Hvalsvellis
Ormsvellir 2
5700050

FRÁ SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐVUNUM

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ SUÐURLANDS

Afgreiðsla: 1. - 21. desember

Í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00
samdægurs eða á netfangið
sveinn@bssl.is.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta
sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum
480 1800,
480 1801
eða **894 7146**.

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ VESTURLANDS

Afgreiðsla: 3. - 21. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 21:00
daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum
pöntunarform sem aðgengilegt er á **www.buvest.is**
Einnig er hægt að panta í síma **437 1215** en pantanir
í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir
kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00
að morgni sæðingadags á netfangið **bv@bondi.is**, eða
í síma **892 0517**.

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd
á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

SKIPULAG SÆÐINGA:

SUÐURLAND:

V-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar > **9.-12. des.**

Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsveitir Árnessýslu. > **13. -16. des.**

Uppsveitir Árnessýslu > **17.- 20. des.**

Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum > **1. des. og til og með 9. des.**

VESTURLAND:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur.
Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt
námskeið í sauðfjársæðingum.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær	1.050 kr./sk.
20-49 sæddar ær	900 kr./sk.
50-99 sæddar ær	780 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....	725 kr./sk.
Til búnaðarsambanda.....	700 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær.

Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar
utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður að lágmarki 70
% af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót. Pakkning
með 50 hlífðarrörum kostar kr 850,-

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í fjarvis.is af viðkomandi
bónda eða sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi
bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar
(helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi
búnaðarsambands um að öllum skráningum sé lokið og/eða
ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið
fullorðinsnúmer.

SAUÐFJÁRSÆÐINGANÁMSKEIÐ:

Hesti í Borgarfirði mánudaginn 26. nóv. 2018 kl. 13:00-18:00

Stóra-Ármóti þriðjudaginn 27. nóv. 2018 kl. 13:00-18:00

Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráning á
heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, www.lbhi.is.

Fóður fyrir sauðfé hjá Sláturfélagi Suðurlands

Ærblanda SS

Óerfðabreytt kjarnfóður

Framleitt af DLG fyrir íslenska sauðféð

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini
- Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
- Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
- Gott jafnvægi í steinefnum og snefilefnum
- Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum

- 15 kg pokar / 750 kg sekkir

Salto fár - Saltsteinn fyrir kindur

- Má notast við lífræna ræktun
- Inniheldur stein og snefilefni
- Náttúrulegt bergsalt
- Án kopars
- Inniheldur selen

-10 kg steinn



Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata

- Steinefna- og snefilefna-rikt og hentugt með vetrarfóðrun
- Inniheldur A-vítamín, D-vítamín og E-vítamín
- Án kopars
- Hátt seleninnihald
- Inniheldur hvítlauk

- 15 kg fata

Sláturfélag Suðurlands svf | www.buvorur.is


Fossháls 1, 110 Reykjavík | 575-6070 | Opnunartími: kl. 8-16

Ormsvelli 4, 860 Hvalsvellir | 575-6099 | Opnunartími: kl. 9-17



10-920 KÖLSKI

frá Svínafelli 2 - Víðihlíð, Öræfasveit.



MMF: VÍSIR 01-892, MMMF: VÍÐIR 98-887



10-920

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Bringan er breið og herðar með góðri holdfyllingu en lítillháttar slöður fyrir aftan bóga. Breitt og sterkt bak. Mala- og lærahold góð. Kölski er sterklegur hrútur, bollangur og samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullarstuttur í baki. Togið meðalfint en stutt ofantil. Svört doppa á mölum.

Reynsla: Líkt og fyrir ári síðan skipar Kölski 10-920 þann heiðursess að vera reyndasti hrútur sæðingastöðvanna. Þetta verður síðasti veturinn sem þessi aldri höfðingi verður í notkun. Kölski er öflugur kynbótahrútur, um það þarf ekki að fjölyrða – kostir hans liggja ekki síst í frjósemi dætra hans sem sýna mikla yfirburði í þeim eiginleika og skartar hann hvað hæstu kynbótamati fyrir fyrir frjósemi af núverandi sæðingastöðvahrútum. Þó afkvæmahópur Kölska sé ögn breytilegur hvað skrokkgæðaeiginleika snertir koma ætíð fram mjög öflugir einstaklingar undan honum. Nú þegar hafa tveir synir hans verið valdir til notkunar á sæðingastöð. Kölski hefur því marga kosti fram að færa sem flestir sauðfjárþændur ættu að sjá hag sinn í að nýta.

Lítaerföir: Kölski er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2010-40-109-30/2, 1/4, 0-8, 0-8, 5-9, 0-8, 5-9, 0-18, 0-8, 0-8, 0-8, 5=85,5 stig

LAMBHRÚTASKOÐUN	2015	2016	2017	2018
Fjöldi	307	276	143	65
Þungi	46,3	48,0	47,7	48,4
Fótleggur	109	110	110	109
Læri	17,6	17,7	17,7	17,8
Ull	7,8	7,8	7,8	7,8
Ómvöðvi	30,2	31,1	30,5	31,5
Ómfita	2,9	3,0	2,9	3,2
Lögun	4,1	4,1	4,1	4,2

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						110
Fita						110
Skrokkgæði (100%)						110
Frjósemi (99%)						117
Mjólurlagni (99%)						101
Heildareinkunn						109

Sprettur ÁBURÐUR

Minna ryk - Meiri gæði - Betri spretta

Pantanir: 444 3100


www.skeljungur.is/sprettur



Skeljungur

13-961 BERGUR

frá Bergsstöðum, Miðfirði.



MFF: Jón Páll 04-990; MMF: Raftur 05-966



13-961

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með myndarlegan haus, aðeins hár um herðar en bringan breið og útlögur mjög miklar. Bakið breitt og sterklegt. Fádæma breiðar malir og frábær lærahold. Sterklegir fætur. Langvaxinn hrútur og völdugur á velli.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á fótum og í dindli. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel þykkt og jafnt. Tog stutt og hrokkíð, mýkra í baki en strýkennt og gróft á síðu.

Reynsla: Bergur 13-961 hefur nú sinn þriðja vetur á sæðingastöð en val hans á sínum tíma byggði á glæsilegum niðurstöðum á heimabúi. Bergur hefur verið mikið notaður síðustu tvö ár og mörg lömb komið til skoðunar undan honum. Afkvæmi hans eru yfirleitt þroskamikil en nokkuð breytileg að gerð en kostir þeirra virðast koma best fram í hjörðum þar sem vænleiki er mikill.

Talsverð reynsla er fengin á dætur hans og sýndi stór hópur þeirra, tilkominn við sæðingar góða frjósemi vorið 2018. Þær eru einnig ágætær mjólkurær líkt og kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni gefur til kynna.

Litaerfðir: Bergur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-57-107-32/5,6/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

LAMBHRÚTASKOÐUN	2017	2018
Fjöldi	283	124
Þungi	48,4	48,7
Fótleggur	109	108
Læri	17,7	17,6
Ull	7,9	7,8
Ómvöðvi	30,6	30,7
Ómfita	3,2	3,3
Lögun	4,1	4,1

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		■				104
Fita		■				106
Skrokkgæði (100%)		■				105
Frjósemi (97%)		■				102
Mjólkurlagni (85%)		■				108
Heildareinkunn		■				105

13-962 KLETTUR

frá Borgarfelli, Skaftártungu.



FMFF: HYLUR 01-883; MMFF: MÖLUR 95-812; MMMF: BÚTUR 93-982



13-962

Lýsing: Hvítur, hyrndur, all útlögugóður hrútur með aðeins hrjúfar herðar. Bakið ágætlega vöðvafyllt. Malir vöðvaðar, lærvöðvi þykkur. Bollengd í góðu meðallagi.

Ullarlýsing: Írauður á haus og fótum, fremur ullarlítil. Gul hár ekki áberandi í reyfi en svartar doppur fundust. Tog hrokkíð með góðan gjáa en nokkuð gróft. Þel frekar lítið.

Reynsla: Klettur 13-962 er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Hann hefur verið talsvert mikið notaður til þessa og skýr mynd komin af afkvæmum hans. Þau eru breytilegri að gerð en margra annara stöðvahrúta og skipar hann sér því ekki í efstu raðir þegar horft er til meðaltala. Lömbin eru yfirleitt þroskamikil, oft dálítið hrjúf um herðar og holdfylling í lærum er breytileg. Flokkun sláturlamba undan Kletti er eigi að síður harla góð. Hann hefur skilað glæsilegum ásetningshrútum inn á milli sem jafnvel hafa blandað sér í baráttu um viðurkenningar á héraðssýningum. Þegar Klettur var valinn inn á stöðvarnar var ekki síður horft til þess að þar færi efnilegur ærfaðir. Hann hefur staðið prýðilega undir þeim væntingum og skartar nú óvenju glæsilegu kynbótmati, bæði fyrir frjósemi og mjólkurlagni dætra. Kynbótamat hans fyrir frjósemi hækkaði verulega eftir vorið svo greinilegt er að veturgamlar dætur hans vilt um land hafa farið vel af stað og staðfest reynslu af dætrum hans á Borgarfelli. Klettur er kominn í hóp sterkustu alhliða kynbótahrúta sem verið hafa á stöðvunum og full ástæða til að hvetja til mikillar notkunar á honum áfram.

Litaerfðir: Klettur er arfblendinn hvítur – gefur mórautt en ekki tvílitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ)..

Mál og stigun: 2013-57-115-33/1,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,5=87,0 stig

LAMBHRÚTASKOÐUN	2017	2018
Fjöldi	223	144
Þungi	48,9	48,5
Fótleggur	110	110
Læri	17,6	17,6
Ull	7,9	7,8
Ómvöðvi	29,9	30,2
Ómfita	2,7	2,7
Lögun	4,0	4,1

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		■				110
Fita		■				115
Skrokkgæði (100%)		■				113
Frjósemi (97%)		■				120
Mjólkurlagni (88%)		■				118
Heildareinkunn		■				117

I3-984

GUTTI

frá Þóroddsstöðum, Hrutafirði.

GAUR 09-879 frá Bergsstöðum

10-058

SÓÐI 08-098 ~ 01-132

BÓSI 08-901 ~ 05-579

FFF: GOTTI 05-804; MMFF: MOLI 00-882



I3-984

LAMBHRÚTASKOÐUN 2018

Fjöldi	183
Pungi	47,6
Fótleggur	109
Læri	17,6
Ull	7,8
Ómvöðvi	29,8
Ómfita	3,0
Lögun	4,2

Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með svip-fríðan haus. Breiðvaxinn en jafnframt jafnvaxinn hrútur með góða holdfyllingu hvar sem á honum er tekið. Samsvarar sér vel á velli.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum, ekki áberandi í hnacka. Örlítið gult í ull á mölum. Ullin fremur lítil. Tog hrokkið en gróft.

Reynsla: Gutti I3-984 hefur nú sitt annað ár á stöð. Þangað var hann valinn fyrst og fremst sem spennandi ærfaðir. Gutti tók þátt í afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna á sínum tíma en reyndist ekki nægilega framúrskarandi sem slikur og fékk niðurstöður um meðallag í rannsókninni. Ljóst má vera að Gutti er ekki líklegur til að gefa mikið af toppum, en búast má við að megnið af afkvæmum hans verði þó allvel gerð enda er hann sjálfur þrýðilega skapaður. Dætur Gutta eru mjög álitlegar. Kynbótamat hans fyrir frjósemi hækkar á milli ára og hið háa mat fyrir mjólkurlagni sigur lítillega en 16 dætur hans heima á Þóroddsstöðum höfðu 5,4 afurðastig að jafnaði haustið 2017.

Litaerfðir: Gutti er arfblendinn í A-sæti með erfðavísi fyrir móræuðum lit og tvílit – gefur hrein hvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-51-108-30/2,2/5,0-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			█				101
Fita			█				103
Skrokkgæði (99%)			█				102
Frjósemi (87%)			█				111
Mjólkurlagni (82%)			█				118
Heildareinkunn			█				111

I4-800

BÍLDUR

Árbæjarhjáleigu, Holtum.

HÆNGUR 10-903 frá Geirmundarstöðum

10-117

KJARKUR 08-840 ~ 07-857
frá Ytri-SkógumSOKKI 07-835 ~ 08-836
frá Brúnastöðum

NÝR



I4-800

Lýsing: Svartbíldóttur krapphyrndur með stuttan og svipmikinn haus. Bíldur er ágætlega langvaxinn með breiðan og sívalan bol. Malir eru breiðar og holdfylltar og lærahold mjög góð. Rólegur og gæfur hrútur.

Ullarlýsing: Svartbíldóttur og svartdropóttur um allan bolinn. Ullarmagn í góðu meðallagi og reyfið jafnt. Togið fingert, áberandi langt og hrokkið. Pelíð jafnt og þykkt. Lagðprúður hrútur.

Reynsla: Bíldur I4-800 var fenginn á sæðingastöðvagnar haustið 2018 að lokinni afkvæmarannsókn sem fram fór á Skarði í Landsveit. Bíldur hafði ásamt Raxa I5-807 skipað efstu sætin sem lambafaðir í Árbæjarhjáleigu síðustu ár og einnig verið reyndur á fleiri búum með góðum árangri. Bíldur hefur verið fremur sterkur í að gefa E-lömb en 17% sláturlamba undan honum í Árbæjarhjáleigu hafa farið í þann holdfyllingarflokk. Í afkvæmarannsókninni var Bíldur sá hrútur sem best kom út úr gimbraskoðuninni en þar átti hann margar álitlegar ásetningsgimbrar. Meðalfallpungi afkvæma hans var 14,6 kg, einkunn fyrir gerð 9,0 og einkunn fyrir fitu 5,2. Meðaltal kjótmatsniðurstaðna fyrir hrútana í afkvæmarannsókninni var 15,5 kg, einkunn fyrir gerð 9,2 og einkunn fyrir fitu 5,4. Bíldur á nokkrar dætur sem komu til uppgjörs haustið 2017 og voru þær um búsméðaltal fyrir frjósemi og mjólkurlagni. Móðir Bílds, 10-117, átti eitt lamb veturgömul, var einlembd árið sem hún átti Bíld en hefur annars verið tvílembd, með 7,2 afurðastig.

Litaerfðir: Undan Bíld geta allir litir komið fram leyfi móðurætt lambanna slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-53-110-31/3,9/4,5-8,0-8,0-8,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=84,0 stig

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			█				113
Fita			█				100
Skrokkgæði (99%)			█				107
Frjósemi (87%)			█				104
Mjólkurlagni (82%)			█				98
Heildareinkunn			█				103

14-987 FROSTI

frá Ketilseyri, Dýrafirði.



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með vanin horn, aðeins hár um herðar en framparturinn vel sívalur. Frosti er allur vel holdfylltur. Lágfættur og mjög langvaxinn hrútur, gerðarlegur og rólegur í fasi.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert um gul hár í ull. Fremur ullarlítill og ullarstuttur. Togið fremur fingert.

Reynsla: Frosti 14-987 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2017 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður á heimabúi og er hann því að hefja sitt annað ár á stöð. Afkvæmi Frosta bera honum gott vitni sem öflugum lambaföður. Þau eru þó ekki þekkt fyrir fituleysi án þess þó að fitusöfnun sé til skaða. Allmargir synir hans komu til dóms sl. haust og virðast þeir vera um meðaltal í samanburði sona stöðvahrúta fyrir flesta þætti sem mældir eru og stigaðir. Aðeins bar á þroskalitlum lömbum undan honum þó meirihlutinn væri með ágætan þroska. Töluvert var um hrein hvít lömb. Afkvæmi Frosta eru yfirleitt lágfætt og láta lítið yfir sér, en sýna kosti sína betur þegar þau eru þukluð. Gerðarflokkun sláturlamba er góð. Heima á Ketilseyri átti 51 dóttir hans lamb vorið 2018 og sýndu þær frjósemi yfir búsméðaltali líkt og BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi segir til um. Haustið 2017 var meðalafurðastig 15 dætra hans 5,4 og lofar mjólkurlagni þeirra því einnig góðu. Frosti er greinilega að festa sig í sessi sem góður alhlíða kynbótahrútur.


Litaerfðir: Frosti er arfhreinn hvítur – gefur hrein hvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-48-103-26/2,8/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2018

Fjöldi	167
Þungi	47,4
Fótleggur	107
Læri	17,7
Ull	7,9
Ómvöðvi	30,7
Ómfita	3,1
Lögun	4,2



14-988 TVISTUR

frá Hríshóli, Eyjafjarðarsveit.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með þröttlegan haus. Bringa áberandi breið og brjóstkassi vel hvelfdur, útlögur miklar. Bak vel holdfyllt og langar mjög holdfylltar malir. Lærhold mjög góð og vöðvinn áberandi kúptur. Langvaxinn og fongulegur hrútur, aðeins kviðaður.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum og aðeins gult í ull, ekki áberandi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog fremur stutt og meðalgróft.

Reynsla: Tvistur 14-988 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var talsvert notaður síðasta vetur og margt glæsilegra afkvæma hans sem kom fram á sjónarsviðið líkt og væntingar stóðu til um eftir niðurstöðu afkvæmarannsóknar heima á Hríshóli undan-gengin ár. Afkvæmi hans eru þroskamikil með þykka vöðva og einkennismerki margra þeirra eru fádæma mikil lærhold. Tvistur stóð því vel undir væntingum sem lambafaðir.

Sem ærfaðir er Tvistur enn talsvert óviss en frjósemi dætra hans á heimabúi er undir meðallagi. 12 dætur hans höfðu 4,6 afurðastig að jafnaði haustið 2017. Hvar Tvistur stendur nákvæmlega sem ærfaðir kemur betur í ljós á næsta ári þegar upplýsingar um stóran dætrahóp tilkominn við sæðingar fara að skila sér inn.


Litaerfðir: Tvistur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-55-111-30/3,5/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,0-8,0-8,0-8,5=86,5 stig

LAMBHRÚTASKOÐUN 2018

Fjöldi	191
Þungi	50,5
Fótleggur	109
Læri	17,9
Ull	7,8
Ómvöðvi	30,8
Ómfita	2,7
Lögun	4,3



15-803

EIRÍKUR

frá Leifsstöðum, Öxarfirði.

NÝR

KÖLSKI 10-920 frá Svínafelli 2

FANNSA 09-027

PÚKI 06-807~ RENNA 07-727

FANNAR 07-808 ~ LENA 06-704

frá Bergsstöðum

frá Ytri-Skógum

FFF: RAFTUR 05-966; MMF: HYLUR 01-883; MMMF: SJÓÐUR 07-846

15-803



Lýsing: Hvítur krapphyrndur með svipfríðan haus. Herðar eru holdfylltar og bolurinn breiður og sívalur. Mala- og lærahold frábær. Eiríkur er lágfættur, í meðallagi bollangur en ákaflega þéttvaxinn og gerðarlegur hrútur.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka en gulur á dindli og fótum. Gul hár áberandi um bolinn. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið jafnt, hrokkið og fremur fingert en grófara í lærum og styttra í baki. Þelið jafnt en þynnra í baki.

Reynsla: Eiríkur 15-803 var valinn á sæðingastöð haustið 2018 að aflokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Öxarfirði, sem fram fór á Leifsstöðum. Hann vakti strax eftirtekt veturgamall en þá stóð hann afgerandi efstur heima á Leifsstöðum með glæsilegar kjötmatniðurstöður og var hans afkvæmahópur þá bæði vænstur og best gerður á búinu. Í afkvæmarannsókninni í haust endaði Eiríkur annar samkvæmt heildareinkunn í samanburði við 12 hrúta. Efsta hrútnum, Hrólfi 16-103 frá Hafrafellstungu entist ekki aldur til að fara á sæðingastöð. Afkvæmahópur Eiríks var með mjög þykkjan bakvöðva, góð lærahold, hóflega fitu en undir meðallagi í þunga. Í hópnum voru nokkur úrváls lífrútefni, þ.á.m. hæst stígaða lamb búinsins. Meðalfallþungi afkvæmanna var 15,5 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og einkunn fyrir fitu 6,1. Meðalfallþungi í rannsókninni var 16,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og einkunn fyrir fitu 6,5.

Dætur Eiríks fara vel af stað hvað frjósemi varðar en 9 veturgamlar ær áttu 1,4 lömb að jafnaði í vor. Þær skiluðu góðum lömbum í haust en uppgjör liggur ekki fyrir. Fannsa 09-027, móðir Eiríks, var einlembd gemlingurinn og tvisvar eftir það en annars tvílembd. Hún hefur yfirleitt skilað vænum lömbum og er með 5,6 afurðastig.

Litaerföir: Arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Eiríkur var ekki dæmdur sem lamb og því ekki til lambsdómur um hann.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						121
Fita						103
Skrokkgæði (97%)						112
Frjósemi (76%)						104
Mjólklagni (68%)						103
Heildareinkunn						106

15-804

GUNNI

frá Efri-Fitjum, Fitjárdal (keyptur frá Melum 3, Hrutafirði.)

NÝR

PRISTUR 14-018

12-008

RUNNI 11-014 ~ 10-085

GRÁBOTNI 06-833 ~ 09-005

frá Vogum 2

FMF: Laufi 08-848; MMF: Dökkvi 07-809

15-804



Lýsing: Hvítur fremur krapphyrndur með þröttlegan og svipsterkan haus. Eilítið hrjúfur um herðar en með ágætlega lagaðan brjóstakassa. Öflug bak-, mala- og lærahold. Fremur fagaður hrútur að gerð og nokkuð bollangur. Rólegur í fasi.

Ullarlýsing: Dökkgulur í hnakka, við dindil og á fótum. Gul hár víða aftan til í reifinu og svört doppa á baki. Ullarmagn í meðallagi. Togið er þokkalega jafnt, fremur fingert og aðeins styttra í baki. Þelið jafnt og í meðallagi þykkt.

Reynsla: Gunni var valinn á sæðingastöð sumarið 2018 sem spennandi alhliða kynbótahrútur. Hann er fæddur á Efri-Fitjum en fór sem lamb að Melum 3 í Hrutafirði. Á Melum hefur Gunni verið á toppnum sem lambafáðir en afkvæmi hans sameina ákaflega vel góða gerð og hóflega fitu. Haustið 2016 var gerð upp stór afkvæmarannsókn á Melum þar sem Gunni stóð langefstur og átti þá tæp 70 sláturlömb. Þá var meðalfallþungi afkvæma hans 16,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og einkunn fyrir fitu 6,7. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 16,7 kg, einkunn fyrir gerð 9,5 og einkunn fyrir fitu 7,3.

Að Gunna standa margir þekktir ærfeður og því er ekki að undra að hann lofi góðu sem slíkur. Samkvæmt uppgjöri haustgagna frá Melum fyrir árið 2017 voru dætur Gunna yfir búsméðaltali fyrir frjósemi og feikilega mjólklagnar en 18 dætur hans voru með 5,6 afurðastig að meðaltali.

Móðir Gunna, 12-008, var tvílembd veturgömul en eftir það hefur hún einu sinni verið einlembd, annars tvílembd. Hún er með 7 afurðastig.

Litaerföir: Gunni er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir ekki móradaun lit. Gefur tvílitt og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						114
Skrokkgæði (97%)						116
Frjósemi (80%)						100
Mjólklagni (73%)						115
Heildareinkunn						110

Mál og stigun: 2015-56-113-37/5,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,5 stig.



Með RITCHIE kerfinu verður meðhöndlun sauðfjár leikur einn.

Einingarnar í RITCHIE kerfinu eru hannaðar til þess að ganga saman sem eykur notkunarmögu- leika og styttrir vinnuferla. Einingarnar eru teinaðar saman á fljótlegan og einfaldan hátt. Allar vörurnar frá RITCHIE eru heitgalvanhúðaðar sem tryggir hámarksendingu við íslenskar aðstæður.



Fjárnog með skífu

Hagkvæmur kostur, heitgalvanhúðað búr, dempari tryggir minni hreyfinu á vísi.



Fjárnog með tölvu

Fljótvirkur og nákvæmur kostur. Heitgalvanhúðað búr. Val um tvær tölvur. Einfaldar, vandaðar og þægilegar.



Fjárgangur

Til meðhöndlunar og flokkunar á sauðfé. Grun- neining. Mögulegt er að bæta við grunneiningu eða kaupa staka hluti úr henni.



Combi-Clamp - fjárklemman

Fjárklemman klemmir féð og heldur því kyrru á meðan það er meðhöndlað. Flokkun í 3 áttir. Rétt vinnuhæð. Góð reynsla hér á landi. Sérþöntun.

Aðrar vörur í sauðfjárbúskapinn:

Gerðisgrindur - Koma í tveimur lengdum, 1,2 m og 1,8 m. Teinast saman. Hagstætt verð.

Gjafagrindur - Gjafagrindurnar frá Ritchie eru sterk smíði. Teinaðar saman. Einfaldar í meðhöndlun. Heitgalvanhúðaðar.

Drykkjarker - Drykkjarker með floti, henta vel í fjárhúsin. Galvaniseruð á góðu verði.

Rafmagnsheyskeri - Meðfærilegur og góður. Sker rúllur eins og smjör.



PÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og
vefverslun:
www.thor.is

15-805

NÝR

FJALLDRAPI

frá Hesti, Borgarfirði.



15-805

Lýsing: Mórauður hyrndur með gott hornalag og þröttlegan en svipfríðan haus. Fremur hrjúfur um herðar en nokkuð útlögumikill. Stinn hold á baki og mölum og lærvöðvinn vel lagaður. Fríður hrútur, allvel gerður og rólegur.

Ullarlýsing: Mórauður, litur frekar ljós en jafn og gráleit hárfundust ekki. Ullarmagn í meðallagi, tugið fremur stutt og heldur gróft á síðum. Fremur togiltill en þelið jafnt og þykkt.

Reynsla: Fjalldrapi 15-805 (áður Móri 15-740) var notaður á lítinn hóp heima á Hesti fyrsta veturinn en afkvæmi hans vöktu nokkra athygli og því var ákveðið að taka hann með í afkvæmarannsóknina árið 2017. Afkvæmi hans voru nokkuð undir meðaltali rannsóknarinnar hvað snertir þykkt bakvöðva og fleiri matsþætti en afkvæmahópurinn stóð sterkar að vígi þegar sláturmiðurstöður voru skoðaðar. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Fjalldrapa var 17,0 kg, gerðareinkunn 10,3 og fyrir fitu 4,8. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í rannsókninni var 16,8 kg, gerð 9,8 og fita 5,0. Á grundvelli þessara niðurstaðna komst Fjalldrapi í sigtið sem mórauður hyrndur hrútur fyrir stöðvarnar og endanlega ákveðið að fala hann til notkunar nú í haust.

Þrjár tvævetlur undan Fjalldrapa eru til á Hesti og átta að meðaltali 2,67 lömb nú í vor og fimm veturgamlar dætur hans átta að meðaltali eitt lamb.

Móðir hans 10-152 var endingargóð ær sem felld var nú í haust.

Hún átt eitt lamb gemlingur, var einu sinni einlembd eftir það, tvisvar þrílembd en annars tvílembd, með 6,4 í afurðastig.

Litaerfðir: Fjalldrapi er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – gefur tvílit og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2015-55-111-30/3,0/3,5-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-18,0-7,5-8,0-8,0=83,0 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						109
Fita						106
Skrokkgæði (97%)						108
Frjósemi (74%)						97
Mjólklagn (65%)						103
Heildareinkunn						103

15-806

NÝR

NÁLI

frá Oddsstöðum, Lundarreykjadal.



15-806

Lýsing: Hvítur hyrndur með gott hornalag og þröttlegan en fríðan haus. Breiðvaxinn með sívalan bol. Mala- og lærahold afbragðs góð. Náli er bærilega bollangur, lágfættur og jafnvaxin holdakind.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Töluvert um gul hárfundust ekki. Ullarmagn í meðallagi. Tugið fremur stutt, nokkuð hrokkið og meðalgróft. Þelið jafnt og nokkuð þykkt.

Reynsla: Náli 15-806 var valinn til notkunar á stöðvunum vorið 2018 á grundvelli góðrar reynslu á heimabúi. Haustið 2016 stóð hann efstur í afkvæmarannsókn heimahrúta á Oddsstöðum. Fallþungi lamba hans var 17,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og fyrir fitu 5,9. Meðaltal rannsóknarinnar var, fallþungi 16,8, gerð 9,8 og fita 6,3. Hann hefur staðið sig vel í sambærilegum afkvæmarannsóknum á heimabúinu síðan þó yfirburðir hans hafi ekki verið svona afgerandi. Á síðastliðnum þremur árum hefur verið slátrað vel á annað hundrað lömbum undan Nála á Oddsstöðum og er meðalfallþungi þeirra 17,8 kg, gerðareinkunn 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,1. Náli skilar greinilega vænum og vel gerðum lömbum og hóflegri fitu.

Á Oddsstöðum átta tólf tvævetlur undan Nála að meðaltali 1,83 lömb nú í vor og sjö veturgamlar dætur hans átta 1,60 lömb. Náli er einlembingur undan gemling en móðir hans 14-053 hefur síðan verið tvílembd og loks þrílembd nú í vor. Afurðaeinkunn hennar fyrir fyrstu þrjú árin er 4,9.

Litaerfðir: Náli er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2015-44-103-28/3,5/3,5-8,0-8,5-8,5-8,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,0=83,5 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						110
Fita						117
Skrokkgæði (97%)						114
Frjósemi (82%)						110
Mjólklagn (78%)						103
Heildareinkunn						109



Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.



15-989 DRANGI

frá Hrifflu, Þingeyjarsveit.



FMF: Borði 08-838; MMF: Eldar 01-922; MMMF: Dóni 00-872



15-989

Lýsing: Hvítur, mjög gleiðhyrndur með fríðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar og útlögur í meðallagi. Bak- mala- og lærahold góð. Bollangur, harðholda og tignarlegur hrútur.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum, með örlítið gult í reyfi, sérstaklega á mölum. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið fremur stutt í baki, fremur fint og hrokkið.

Reynsla: Drangi 15-989 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað kom hann að aflokinni afkvæmarannsókn heima í Hrifflu þar sem úrvalshrútar á svæðinu voru prófaðir. Drangi fékk talsverða notkun síðasta vetur og fjöldi afkvæma hans kom til skoðunar nú í haust. Sterkustu einkenni þeirra eru mikill vænleiki og góð bollengd. Holdfylling lambanna er aðeins breytileg en mikill meirihluti þeirra hefur þykkan og vel lagaðan bakvöðva og góð lærahold.

Dætur Dranga heima í Hrifflu hafa sýnt frjósemi um meðaltal búsin og fyrstu vísbendingar benda til að þær séu frábærar mjólkurærar en þær höfðu að jafnaði 5,8 afurðastig nú í haust.

Litaerföir: Drangi er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórault né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Lambhrútaskoðun	2018
Fjöldi	108
Þungi	50,0
Fótleggur	109
Læri	17,7
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,0
Ómfita	3,0
Lögur	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						112
Fita						115
Skrokkgæði (99%)						114
Frjósemi (81%)						102
Mjólkurlagni (74%)						111
Heildareinkunn						109

Mál og stigun: 2015-45-108-35/1,5/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-9,0=85,5 stig

15-991 NJÖRDUR

frá Gilsbakka, Hvítársíðu.



FMF: GRÁBOTNI 06-833; MMF: ÁLL 00-868; FMMF: RAFTUR 05-966



15-991

Lambhrútaskoðun	2018
Fjöldi	32
Þungi	49,1
Fótleggur	109
Læri	17,7
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,4
Ómfita	3,1
Lögur	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						113
Fita						114
Skrokkgæði (97%)						114
Frjósemi (72%)						102
Mjólkurlagni (65%)						98
Heildareinkunn						105

Lýsing: Hvítur, hyrndur með þróttmikinn haus. Bringa mjög breið og útlögur miklar. Bakið breitt og vel holdfyllt. Góð mala- og lærahold. Bolmikiill og langvaxinn hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Lítið gult í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog fíngert, hrokkið og gljáandi.

Reynsla: Njörður 15-991 var fenginn á sæðingastöð haustið 2017 að lokinni afkvæmarannsókn á vegum stöðvanna sem fram fór á Gilsbakka og skipaði hann efsta sætið í heildaruppgjöri. Njörður fékk fremur litla notkun á sínu fyrsta ári á stöð en niðurstöður lambadóma benda til að sú varkárni í hrútavali hjá bændum hafi verið algerlega óþörf. Synir Njarðar sem komu til dóms voru að jafnaði þroskamiklir með mjög þykkan og vel lagaðan bakvöðva. Þeir voru jafnframt útlögumiklir og með öflugan afturpart. Kostir Njarðar sem lambaföður njóta sín ekki síst þar sem vænleiki lamba er góður. Á Gilsbakka er ekki hleypt til gemlinga og er því elstu dætur Njarðar að skila fyrstu upplýsingum í ár. Átta dætur hans á Gilsbakka báru 2,0 lömb að jafnaði í vor, ein var þrílembd og ein einlembd. Vænleiki og flokkun lamba þeirra nú í haust er í góðu lagi. Móðir hans Trjóna 09-088 var endingargóð ær, felld nú í haust, 9 vetra gömul. Kynbótamat Njarðar fyrir frjósemi dætra hækkaði umtalsvert nú eftir vorið og ekkert bendir til annars en að dætur hans verði góðar mjólkurærar.

Litaerföir: Njörður er arfblendinn hvítur, gefur tvílit en ekki mórauðan lit – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-55-111-33/3,3/4,5-8,0-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-18,0-7,5-8,0-8,5=84,0 stig

16-994 DURTUR

frá Hesti, Borgarfirði.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með sveran haus. Jafnvaxinn og vel gerður hrútur hvar sem á honum er tekið. Samsvarar sér vel en nafnið lýsir geðslagi hans vel.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert um gul hár í ull. Ullarmagn undir meðallagi. Tog stutt í baki, fremur gróft og slétt.

Reynsla: Durtur 16-994 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en hann var annar tveggja hrúta sem fengnir voru á stöð frá Hesti á síðasta ári. Helstu kostir afkvæma hans liggja í miklum vænleika, ágætri bakvöðvabykkt og mjög góðum mala- og læraholdum. Þau samsvara sér einnig mjög vel. Aðrir dómar og mælingar liggja nærri meðaltali allra afkvæmahópanna. Afkvæmi Durts virðast leyfa á sér því þau sem rötudu í gálga sláturhúsanna (um 250) fengu mjög gott gerðarmat þar sem 70% lambanna fóru í gerðarflokkana E og U, þar af tæplega 20% í E. Meðalfallþungi þeirra var 18,2 kg. Fitumat var í lagi þó Durtur geti tæpast talist fituleysishrútur. Af sjálfu leiðir að afar lítil reynsla er komin á Durt sem ærföður, en á Hesti áttu 7 lambgimbrar undan honum 1, 14 lömb sl. vor og því aðeins undir meðaltali búsin. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika sem byggir á ætterni gefur væntingar um að frjósemi og mjólkurlagni dætra verði í góðu lagi.

Litaerfðir: Durtur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-44-110-31/3,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=86,0 stig

Lambhrútaskoðun	2018
Fjöldi	80
Þungi	48,7
Fótleggur	108
Læri	17,8
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,1
Ómfita	3,4
Lögun	4,3

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						123
Fita						101
Skrokkgæði (98%)						112
Frjósemi (66%)						103
Mjólkurlagni (56%)						107
Heildareinkunn						107

17-808 DRJÚGUR

frá Hesti, Borgarfirði.

NÝR



FMF: Garri 11-908; FMMF: Snævar 10-875; MMFF: Raftur 05-966



Lýsing: Hvítur fremur krapphyrndur með vanin horn og stuttan og þróttlegan haus. Herðabreiður með sívalan brjóstkaða. Holdfylling í baki nokkuð góð. Malir eru aðeins afturdregnar en holdfylltar og lærahold þrýðileg. Fremur bollangur og jafnvaxinn hrútur sem samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Ljósulur í hnakka, dindli og á fótum. Gul hár finnst í reyfi en ekki áberandi. Ullarmagn fremur mikið, togð meðalfint og þelið mikið og bykkt. Fremur togstuttur í baki.

Reynsla: Drjúgur 17-808 er einn þriggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður afkvæmarannsóknar að Hesti haustið 2018 lágu fyrir. Afkvæmahópur hans í rannsókninni var einn sá vænsti og bakvöðvabykkt lambanna vel yfir meðaltali. Þessi lömb stíguðust jafnframt mjög vel fyrir framt. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Drjúgur var 18,03 kg, einkunn fyrir gerð 10,29 og fyrir fitu 5,42. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í rannsókninni var 16,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,91 og fyrir fitu 5,59. Drjúgur á flestar ásetningsgimbrar á Hesti af þeim hrútum sem voru í rannsókninni. Þar sem Drjúgur er aðeins veturgamall er engin reynsla fengin af dætrum hans en BLUP kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika, sem byggir á ætterni gefur væntingar um frjósamar og mjög mjólkurlagnar dætur.

Móðir hans, 14-878 var einlembd gemlingur; síðan tvílembd þar til í vor að hún átti þrjú lömb. Hún er með 8,5 í afurðastig fyrir þrjú ár.

Litaerfðir: Drjúgur er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-44-105-32/2,1/3,5-8,0-9,0-9,0-8,5-8,5-18,0-7,5-8,0-9,0=85,5 stig

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						103
Skrokkgæði (90%)						110
Frjósemi (50%)						104
Mjólkurlagni (50%)						111
Heildareinkunn						108

11-979 BLÆR

frá Kambi, Reykhólasveit. (Keyptur frá Gróustöðum, Gilsfirði.)

BANGSI 09-286 frá Heydalsá I

EÐLA 09-689

DREITILL 08-113 ~ 05-199

BREKI 08-284 ~ ÚA 08-581

FFF: BOGI 04-814; MMFF: ORMUR 02-933



11-979

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Vel gerður hrútur í alla staði. Áberandi bol-langur. Hraustleikakind sem ber aldurinn vel. Fætur sterkir og góðir m.v. aldur hrútsins.

Ullarlýsing: Hreinhvítur – ullarmagn í góðu meðallagi m.v. aldur. Reyfi jafnt. Tog fingert og hrokkið – styttra í baki.

Reynsla: Blær 11-979 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var fyrst og fremst valinn á stöð á grunni góðrar reynslu af dætrum hans sem teljast nú 65 á skýrslum. Þær sýna góða frjósemi en umfram allt frábæra mjólkurlagni eins og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætur sýnir en það var við síðasta útreikning 123 stig og lækkar lítilla milli ára og skipar Blær þar með enn og aftur í flokk efstu hrúta landsins fyrir þann eiginleika. Blær var töluvert notaður síðasta vetur og átti þriðja stærsta hóp lambhrúta sem komu til skoðunar undan kollóttu hrútunum í haust. Vænleiki afkvæma hans er ágætur sem og bollengd en afkvæmi hans standa bestu afkvæmahópum kollóttu hrútanna hvorki snúning í þykkt bakvöðva né meðaltalsstigun fyrir bak, malir og læri enda Blær ekki fenginn á stöð til að bæta þá eiginleika sérstaklega. Afkvæmi Blæs voru nokkuð breytileg að gerð en finna mátti töluvert af vel gerðum lömbum, þá sérstaklega samfara góðum þunga. Vegna hinnar miklu reynslu af honum bæði sem lamba- og ærfóður má segja að BLUP-kynbótamatíð segi allt sem segja þarf um þá eiginleika sem þar eru reiknaðir fyrir Blær.

Litaerföir: Blær er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2011-50-112-32/4,0/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=85,5 stig

Lambhrútaskoðun	2018
Fjöldi	100
Pungi	49,7
Fótleggur	110
Læri	17,5
Ull	8,5
Ómvöðvi	29,5
Ómfita	3,2
Lögun	3,9

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							99
Fita							114
Skrokkgæði (99%)							107
Frjósemi (95%)							109
Mjólkurlagni (94%)							123
Heildareinkunn							113

13-811 JÖKULL

Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.
(Keyptur frá Hríshóli 2, Reykhólasveit.)

MOLI 11-145 frá Melum

08-034

BARÐI 10-651 ~ VEIGA 09-263

BOGI 04-814 ~ 05-734

frá Heydalsá I

MMFF: Snoddi 99-896



13-811

Lýsing: Hreinhvítur kollóttur með brúsk í enni og svartar doppur á eyrum. Hausinn fríður og þróttlegur. Bolur sívalur og mala- og lærahold allgóð. Þroskamikill og langvaxinn myndargripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur en ein gul doppa í hnakka. Togið stutt og fingert en mikið og þykkt þel. Ullin mikil, mjúk og góð.

Reynsla: Jökull 13-811 var valinn til þjónustu á sæðingastöðvunum sumarið 2018. Jökull er fæddur á Heydalsá I og var þar brúkaður þar til hann fluttist að Hríshóli í Reykhólasveit haustið 2017. Jökull er hálfbróðir Molla 13-981 sem einnig er í hópi stöðvahrúta. Við val Jökuls á stöð var sérstaklega horft til þess hve álitlegur hann er sem ærfaðir. Þá eiginleika á hann ekki langt að sækja en móðurfaðir hans Bogi 04-814 frá Heydalsá I var landsþekktur sem góður ærfaðir. Svipað má segja um föður hans, Mola 11-145 frá Melum, en hann hefur reynst frábær ærfaðir, sérstaklega m.t.t. mjólkurlagni. Sem lambafaðir hefur Jökull ætíð verið um og yfir búsméðaltali á Heydalsá. Haustið 2016 var afkvæmarannsókn á vegum sæðingastöðvanna á Heydalsá. Meðalfallpungi afkvæma Jökuls það haustið var 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og einkunn fyrir fitu 7,6. Þá var meðaltal búsin 18,4 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og einkunn fyrir fitu 7,2.

Haustið 2017 voru til 14 dætur Jökuls á Heydalsá I. Þær sýndu frjósemi vel yfir búsméðaltali og höfðu 5,55 afurðastig að jafnaði. Móðir Jökuls, 08-034 lét veturgömul en eftir það var hún ætíð tvílembd með 5,6 afurðastig. Hún var felld haustið 2017 fyrir elli sakir.

Litaerföir: Jökull er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ)

Mál og stígun: 2013-51-109-28/3,9/3,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=86,0 stig

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							105
Fita							107
Skrokkgæði (97%)							106
Frjósemi (87%)							103
Mjólkurlagni (81%)							109
Heildareinkunn							106

Búðu þig vel undir hauststörfin



Olafur Eggertsson
Þorvaldseyri

ENNEINN / SÍA / NNB326



Stöm, létt,
endingargóð



Dunlop purol professional stígvél

Vnr. 9655 D460933

Stígvél sem henta við garðyrkju og landbúnað þar sem ekki er krafist öryggisstígvéla.



Vertu
sýnilegur
í vetur



K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vnr. 9616 K2 2009

Vattfóðraður kuldagalli með rennilás á skálmum.



Dimex úlpa

Vnr. 9609 6691

Vattfóðruð úlpa með stroffi að neðan og góðum vösum.



Mobil delvac MX 15W-40 20l

Vnr. 3020 150775

Minerölsk olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum.



Mobilfluid 426 20l

Vnr. 706 472120

Drif- og vökvakerfisólía fyrir traktora og vinnuvélar.



Rafgeymir 180ah 1000a

Vnr. 581 68032

Rafgeymir fyrir þá sem stoppa aldrei. Super Heavy Duty. 514x223x220 v+

Mitas og Cultor

Evrópsk gæðadekk á góðu verði frá einum stærsta framleiðanda landbúnaðar- og iðnaðardekkja í heimi. Mitas og Cultor dekkinn eru góð lausn fyrir allt frá minnstu heytætlum upp í stærstu vinnuvélar. Hagkvæmur kostur sem fer vel með jarðveg.



Verslanir N1 um land allt


Akureyri s. 440 1420 • Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574
Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar



13-982 MÓRI

frá Bæ 1, Árneshreppi. (Keyptur frá Steinstúni, Árneshreppi.)



MFF: Smyrill 04-800; FMMF: Vísir 01-892



Lýsing: Mórauður, kollóttur. Frampartur sívalur og ágætlega holdfylltur. Holdfylling í baki, mölum og lærum góð. Föngulegur og jafnvaxinn hrútur. Mjög spakur og geðgóður hrútur í allri umgengni

Ullarlýsing: Mórauður með hvítan blett í hálsi. Mórauði liturinn jafn, aðeins um grá hár í lærum. Ullarmagn í meðallagi. Ullin togmikil. Togið langt, mikið og fingert.

Reynsla: Móri 13-982 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Við valið var horft til hans sem álitlegs lambaföður og spennandi ærföður ásamt því að hann væri valkostur til að viðhalda mórauða litnum í kollótta fénu. Móri var allmikið notaður síðasta vetur og átti annan stærsta hóp lambhrúta sem komu til skoðunar undan kollóttu hrútunum í haust. Áberandi þroski og vænleiki einkennir afkvæmi Móra en þau eiga jafnframt þann vafasama heiður að vera þau háfættustu í samunburði við afkvæmahópa allra stöðvahrúta fyrir utan forystuhrúta. Þrátt fyrir það dæmast lömbin ágætlega og flokkast einnig vel í sláturhúsi þó að þar blandi þau sér ekki í raðir efstu afkvæmahópa stöðvahrúta fyrir gerð. Aðeins bar á hyrndum og hnífóttum lömbum undan Móra enda ekki langt í hyrnda gripi í hans ættartré. Samkvæmt uppgjöri haustskýrslu 2017 sýndu dætur hans frjósemi talsvert yfir meðallagi og eru þær einnig góðar mjólkuræer, en þær höfðu 5,3 afurðastig að jafnaði.

Litaerföir: Móri er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – gefur tvítt og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-42-110-28/2,8/3,5-8,0-8,0-8,0-8,5-8,5-17,0-7,5-8,0-8,0=81,5 stig

Lambhrútaskoðun 2018

Fjöldi	127
Þungi	51,0
Fótleggur	112
Læri	17,6
Ull	7,9
Ómvöðvi	30,4
Ómfita	3,1
Lögun	4,0

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							108
Fita							109
Skrokkgæði (99%)							109
Frjósemi (81%)							116
Mjólkurlagni (72%)							112
Heildareinkunn							112

14-972 FANNAR

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



MMF: Örvar 04-983



Lýsing: Hvítur, kollóttur með sterklegan haus. Herðar breiðar og mjög vel holdfylltar. Bringa breið og útlögur miklar. Góð bakhold. Malir mjög vel holdfylltar. Góð holdfylling í lærum – fyllir vel í krikann. Bollöng og glæsileg kind.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullarmikill. Tog hrokkíð, fremur jafnt en gróft. Reyfið er þykkt, þel mikið og jafnt.

Reynsla: Fannar 14-972 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Sem fyrr reyndust afkvæmi hans þroskamikil og voru en hann átti þyngsta afkvæmahópinn af stöðvahrútum í haust. Bakmælingar bæði hrúta og gimbra voru auk þess yfir meðaltali afkvæmahópa kollóttu hrútanna. Synir hans voru margir ullargóðir, bollangir með ágæt bak-, mala- og lærahold. Gerðarflokkun í sláturhúsi er góð og fituflokkun í lagi. Upplýsingar liggja fyrir um rétt innan við 20 dætur Fannars sem virðast í góðu lagi hvað varðar frjósemi, en þó sérstaklega fyrir mjólkurlagni þar sem styrkur þeirra virðist óumdeildur eins og BLUP-kynbótamat gefur til kynna.

Litaerföir: Fannar er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-49-108-31/3,5/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-9,0=86,5 stig

Lambhrútaskoðun 2017 2018

Fjöldi	106	45
Þungi	50,2	51,3
Fótleggur	110	109
Læri	17,6	17,7
Ull	8,3	8,4
Ómvöðvi	30,5	30,3
Ómfita	3,6	3,6
Lögun	4,0	3,9

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							104
Fita							105
Skrokkgæði (99%)							105
Frjósemi (92%)							101
Mjólkurlagni (70%)							111
Heildareinkunn							106

15-983 KOLLUR

frá Árbæ, Reykhólasveit. (Keyptur frá Kambi, Reykhólasveit.)



Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan en sveran haus. Frampartur breiður, áberandi sívalur og útlögur góðar. Malir mjög breiðar og átaksgóðar, lærahold frábær. Fótstaða góð. Glæsilegur hrútur, fasmikill og frísklegur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, mjög ullarmikill með jafnt þel og nokkuð togmikill. Tog gróft og hrokkíð.

Reynsla: Kollur 15-983 er nú að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var vinsæll til notkunar sl. vetur og stimplaði sig inn sem einn af stjörnuhrútum stöðvanna eftir dóma haustsins. Til gamans má geta þess að á héraðssýningu lambhrúta í Dalasýslu þar sem sýndir voru 21 kollóttur hrútur, voru 9 synir hans. Kollur átti flesta dæmda syni í hópi kollóttu hrútanna sl. haust og voru þeir að jafnaði þroskamiklir og ákaflega holdþéttir. Bakvöðvamælingar stóðu á meðaltali í samanburði kollóttu hrútanna en stígun fyrir frampart, bak, malir og læri var alls staðar á toppnum eða við hann. Þá er Kollur með hátt skor fyrir ull hjá sonum sínum og ekki síður fyrir samræmi því bollengd þeirra er mikil og bolurinn jafn og sívalur. Gerð sláturlamba er góð og sú þriðja besta í hópi kollóttu hrútanna en 64% sláturlamba undan honum flokkaðist í E og U. Fitumat er einnig hagstætt miðað við vænleika.

Lítill reynsla er komin á dætur Kolls. Þrjár tvævetlur voru allar tvílembdar í vor og fjórar lambgimbrar áttu 1,25 lamb að meðaltali. Frjósemi þeirra lofar vonandi góðu um framhaldið. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeinleika er jákvætt.

Litaerfðir: Kollur er arfblendinn hvítur og erfir tvílit – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2015-54-111-30/3,7/5,0-8,0-8,5-8,5-9,5-9,0-18,0-9,0-8,0-9,0=87,5 stig

Lambhrútaskoðun	2018
Fjöldi	149
Þungi	50,5
Fótleggur	110
Læri	17,8
Ull	8,4
Ómvöðvi	30,1
Ómfita	3,3
Lögun	4,1

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						111
Fita						107
Skrokkgæði (99%)						109
Frjósemi (79%)						102
Mjólurlagni (71%)						102
Heildareinkunn						104

17-813 DÚLLI

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði.

NYR



Lýsing: Hreinhvítur kollóttur með stuttan og fríðan haus og geysilega breiðar og holdfylltar herðar og miklar útlögur. Bakið breitt og holdfyllt. Malir feikilega breiðar og holdgrónar og lærahold frábær. Glæsilegur holdahnykill.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og mjög ullarmikill. Togið nokkuð langt, í grófara lagi á síðum en styttra og mykra í baki og á herðum. Þelið mikið og þykkt.

Reynsla: Dúlli 17-813 frá Miðdalsgröf er annar tveggja hrúta sem fenginn var inn á sæðingastöðvannar að aflokinni afkvæmarannsókn í Miðdalsgröf. Þarna öttu kappi 9 úrvalsbekrar, þar af 3 aðkomuhrútar. Í Dúlla rennur mikið Broddanesblóð en bæði faðir hans og móðurfaðir eru úr hinni öflugu ræktun Jóns Stefánssonar í Broddanesi. Styrkleikar Dúlla í niðurstöðum afkvæmarannsóknarinnar lágu í því að hann átti þann hóp sláturlamba sem var vænstur, með bestu holdfyllinguna og hæst meðaltal fyrir lærastig hjá hrútlömbum. Bakvöðvi afkvæmanna var hins vegar aðeins um meðallag og fitan heldur meiri hjá afkvæmum Dúlla en annarra hrúta í rannsókninni. Þessi hrútur ætti því að henta best þar sem áherslan er að bæta þunga og gerð en fita síst vandamál. Meðalfallþungi afkvæma Dúlla var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,7 og einkunn fyrir fitu 7,5. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og einkunn fyrir fitu 6,7.

Herdis 09-814, móðir Dúlla, hefur verið farsæl afurðað og á talsverðan hóp afkomenda. Hún var einlembd veturgömul en eftir það ávallt tvílembd þar til í vor að hún var einlembd, þá 9 vetra. Hún hefur ætíð skilað miklum vænleika og er með 7,2 afurðastig.

Litaerfðir: Dúlli er arfblendinn hvítur – gefur tvílit og hreinhvítt. Erfir líklega ekki mórauðan lit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2017-50-110-31/3,6/3,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,5=87,0 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						123
Fita						100
Skrokkgæði (87%)						112
Frjósemi (50%)						96
Mjólurlagni (50%)						102
Heildareinkunn						103

09-939

LOBBI

FELDFJÁR
HRÚTUR

frá Melhól, Meðallandi. (Keyptur frá Bykkvabæjarklaustri 2.)

GRÁNI 06-153 frá Strönd

04-392

FELDUR 04-054 ~ 02-179

ÞÓR 03-327 ~ 98-175
frá Bakkakoti I



Lýsing: Grár, kollóttur með stuttan haus, aðeins grófur um herðar en útlögur þokkalegar. Vöðvafylling í baki allgóð. Mala- og lærahold slök en bollengd góð. Fætur réttir. Snotur hrútur og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Grár, litur nokkuð jafn en ljósari að framan. Dökkur all í baki. Ullin mjög fingerð. Togið lítið, fingert og hrokkið. Ullin mikil miðað við aldur.

Reynsla: Lobbi 09-939 kom á stöð sumarið 2015 til áframhaldandi viðhalds og dreifingar á feldfé. Feldfé hefur verið í ræktun í Meðallandi frá því um 1980 en stofninn er lítill og ræktendur orðnir fáir þar eystra. Mikilvægt er að reyna að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun á þessum sérstöku ullar- og gæruiginleikum og koma upp feldfé í fleiri varnarhólfum, ekki síst í líflamba-söluhólfum. Við ræktun feldfjár er lagt mat á sjö eiginleika er varða feldinn. Þeir eru: Hreinleiki litar, dreifing lokkunar, gerð og styrkleiki lokks, gljái hára, háragæði (fínt tog en sem minnst þel), gæði toghára og þéttleiki felds. Best er að nota hreinlitar gráar eða svartar ær til að hefja þessa ræktun og kostur að ull þeirra sé þelltil og tugið fingert. Ullar- og gæruiginleika er tiltölulega auðvelt að vinna með í kynbótum þar sem arfgengi eiginleikanna er hátt. Rétt er að taka fram að þessi sérstöku ullar- og feldgæði koma ekki fram nema að

takmörkuðu leyti í fyrstu kynslóð innblöndunar. Lobbi hefur reynst mjög vel til að bæta feldgæði en rétt er að taka fram að hann er ekki til þess fallinn að bæta vaxtarlag. Hann er einstaklega hraust kind og ber aldurinn vel, kominn á tíunda vetur. Talsverð reynsla er komin á dætur Lobba á heimabúi en þrjátíu fullorðnar dætur hans áttu 1,47 lömb nú í vor en meðalfrjósemi fullorðinna áa á Melhól var 1,71 lamb. Á Bykkvabæjarklaustri eru til sex fullorðnar dætur Lobba og áttu þær að jafnaði 2,0 lömb nú í vor. Þar sem lítill áhersla hefur verið á að bæta byggingarlag í ræktun feldfjár undanfarna áratugi stendur það orðið heldur illa í slíkum samanburði við annað fé í landinu.


Það kemur skýrt fram í kynbótamati fyrir gerð en hefur einnig sín áhrif á kynbótamat fyrir mjólkurlagni á nýja þá mælikvarðinn þar er þungi lamba. Áhugafolk um feldfjarrækt er hvatt til að nýta sér Lobba til innblöndunar núna þar sem þetta verður hans síðasta ár á stöð.

Litaerföir: Lobbi er arfblendinn grár, gefur einnig mórætt og tvílit.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).



„Ég fer yfirleitt í bankann í appinu“



Skírlífsbelti fyrir hrúta



- Einfalt og þægilegt í notkun
- Hentar vel til að finna blæsma ær
- Hentar afar vel fyrir sæðingar, þær verða auðveldari
- Ekkert inngríp fyrir hrútinn
- Ekki þarf að leiða hrútinn um krærnar
- Öll meðhöndlun verður rólegri

Minum á ríkulegt úrval rekstrarvara fyrir sauðfjár búskap

Sendum um land allt

Egishóli 1, 310 Berganesi S-430-5500
Opð 8-18 vika dags og 10-14 laugardags



NÝR

14-815

STRUMPUR

frá Gunnarsstöðum, Pistilfirði.

AMLÓÐI 12-268

10-170

PÁLL ÓSKAR 11-311 ~ 10-218

BJARKI 08-047 ~ STJARNA 08-091

frá Holti

frá Hafrafellstungu I

FFF: PÓSTUR 07-828; FMMF: GERI 03-986; MFMF: BISKUP 96-822



Lýsing: Móflekkóttur/blesóttur finhyrndur með gott hornalag. Mórauði liturinn mjög dökkur, togið fingert og mjúkt. Strumpur ber glögglega öll einkenni forystufjár og er vakandi fyrir umhverfi sínu og veit alveg til hvers er ætlast til af honum. Hann stendur kyrr ef tekið er í horn hans og veit upp á háir hvert hann á að fara sé hann í rekstri. Hann er yfirvegaður undanfari. Til gamans má geta þess að Strumpur var valinn fegursti forystuhrúturinn í Pistilfirði haustið 2017. Að Strumpi standa rótgrónar ættir forystufjár í Norður-Þingeyjarsýslu þar sem í fyrstu ættliðum koma fram gripir frá fimm öðrum bæjum í sýslunni, þ.e. Holti og Laxárdal, Tunguseli, Fjallalækjarseli, Klifshaga I og Hafrafellstungu I.

Norður-Þingeyingar hafa sem betur fer verið ötulir og vakandi yfir ræktun forystufjár í gegnum árin enda svæðið í dag kallað vaggá forystufjár í landinu og við hæfi að þar hefur verið komið upp áhugaverðu fræðasetri um foystufé. Strumpur er fjarskyldur forystuhrútum sem ratað hafa á sæðingastöðvarnar en fyrstur slíkra hrúta í ættartré hans er Póstur 07-828 (FFF), þá Geri 03-986 (FMMF) og Biskup (MFMF).

Litaerfðir: Undan Strumpi geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

UMBOÐSAÐILI



Á ÍSLANDI



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -

Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Kynntu þér kosti óerfðabreytta kjarnfóðursins frá Líflandi

Ærblanda háprótein með fiskimjöli

Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina. Hentar þar sem þörf er á sterku fengjaldi.

Ærblanda LÍF

Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir á jurtaafurðum. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum.



Sauðfjárfata Líflands

Sauðfjárfatan er sérstaklega ætluð íslensku sauðfé og er auðug af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum. Fatan inniheldur AO-mix, blöndu náttúrulegra andoxunarefna sem minnka álag á frumur þegar efnaskipti eru hröð, t.d. á seinni hluta meðgöngu og um burð. Í samspili við E-vítamín og selen hefur andoxunarblandan jákvæð áhrif á frjósemi, heilbrigði og ónæmiskerfi fjárens.

Innbyrðis hlutfall kalsíum og fosfórs er til þess fallið að minnka líkur á stoðkerfisvandamálum og doða við burð. Sauðfjárfatan inniheldur engin erfðabreytt hráefni.




LÍFLAND
Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lyngháls

Akureyri
Óseyri

Borgarnes
Borgarbraut

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Ormsvöllur

Fallnir hrútar 2017-2018 - Ástæður

10-945	Kornelíus	Felldur - fullnotaður
11-959	Hörður	Felldur - vanþrif
12-980	Lampi	Drapst - áverkar eftir slagsmál
13-928	Lækur	Felldur - grunur um bógkreppu
13-940	Krapi	Felldur - fullnotaður
13-941	Serkur	Felldur - fullnotaður
13-944	Magni	Felldur - fullnotaður
13-951	Burkni	Drapst - afvelta
13-954	Tangi	Felldur - fullnotaður
13-963	Stólpi	Felldur - fullnotaður
13-964	Toppur	Felldur - fullnotaður
13-976	Gils	Felldur - fullnotaður
13-985	Lási	Felldur - vanþrif
14-966	Vinur	Felldur - fullnotaður
15-967	Bjartur	Drapst - lungabólga
15-968	Tinni	Drapst - tannrótarbólga
15-969	Hroki	Felldur - fullnotaður
16-993	Dímon	Felldur - heilsfarsástæður (liðabólgur)
16-996	Kubbur	Drapst - áverkar eftir slagsmál



Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og Sláturhús KVH ehf. á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is



Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

BYPRINT ehf.

Hrútar 2018-19, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2018

Hyndir Númer og nafn	Fjöldi	Pungi	ÖMV	ÖMF	Logun	Fótl.	Haus	H+h	B+útl.	Bak	Mallr	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	K.gerð	K.fita	K.skrökkgæði	K.friðsemi	K.mjólkkurlagni	K.held	Stöð 2018-19
10-920 Kölski	65	48,4	31,5	3,2	4,2	109,1	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,8	7,8	8,0	8,4	84,5	110	110	110	117	101	109	Laugardælar
11-946 Borkó	26	46,4	29,8	3,3	3,9	108,5	7,9	8,3	8,7	8,4	8,7	17,6	7,8	8,0	8,3	83,7	108	107	108	102	110	107	Borgarnes
11-947 Kraftur	46	49,0	31,7	2,9	4,4	109,3	8,0	8,6	8,8	8,9	8,8	17,9	7,7	8,0	8,3	85,0	113	106	110	110	101	107	Borgarnes
11-959 Hörður	26	48,3	30,6	3,0	4,3	109,2	7,9	8,3	8,4	8,7	8,6	17,7	7,8	8,0	8,3	83,7	117	113	115	101	94	103	Fallinn
12-960 Malli	59	47,7	29,9	3,0	4,0	109,9	8,0	8,5	8,6	8,6	8,5	17,5	7,9	8,0	8,2	83,8	115	99	107	111	102	107	Borgarnes
13-951 Burkni	150	47,4	32,2	3,1	4,4	109,4	7,9	8,6	8,7	8,9	8,8	17,9	7,6	8,0	8,3	84,7	117	109	113	102	109	108	Fallinn
13-953 Dreki	136	48,2	31,3	3,1	4,2	109,3	7,9	8,5	8,6	8,8	8,7	17,8	7,8	8,0	8,4	84,5	110	115	113	104	114	110	Borgarnes
13-954 Tangi	52	48,8	31,0	3,1	4,1	109,4	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,8	8,0	8,0	8,3	84,8	116	104	110	88	88	95	Fallinn
13-961 Bergur	124	48,7	30,7	3,3	4,1	108,4	8,0	8,3	8,6	8,7	8,7	17,6	7,8	8,0	8,5	84,2	104	106	105	102	108	105	Laugardælar
13-962 Klettur	144	48,5	30,2	2,7	4,1	110,0	8,0	8,3	8,6	8,6	8,6	17,6	7,8	8,0	8,4	83,9	110	115	113	120	118	117	Laugardælar
13-963 Stólpi	30	46,6	30,5	2,9	4,0	109,6	8,0	8,4	8,7	8,7	8,6	17,4	7,8	8,0	8,3	83,9	110	111	111	100	109	107	Fallinn
13-964 Toppur	17	46,2	30,4	3,1	4,2	109,8	8,0	8,4	8,6	8,6	8,6	17,7	8,0	7,9	8,3	84,1	119	113	116	95	93	101	Fallinn
13-984 Gutti	183	47,6	29,8	3,0	4,2	108,7	8,0	8,4	8,6	8,6	8,6	17,6	7,8	8,0	8,4	84,0	101	103	102	111	118	110	Laugardælar
13-985 Lási	228	49,1	30,9	3,1	4,2	109,8	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,6	108	108	108	104	119	110	Fallinn
14-966 Vinur	74	46,5	31,1	3,0	4,2	108,4	7,9	8,4	8,6	8,7	8,8	17,7	8,1	8,0	8,3	84,5	123	98	111	113	90	105	Fallinn
14-986 Bergson	20	47,2	30,9	3,0	4,0	109,3	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,4	8,0	8,0	8,4	84,3	110	116	113	116	108	112	Borgarnes
14-987 Frosti	167	47,4	30,7	3,1	4,2	107,4	7,9	8,5	8,7	8,7	8,7	17,7	7,9	8,0	8,4	84,5	113	98	106	110	104	107	Laugardælar
14-988 Tvistur	191	50,5	30,8	2,7	4,3	108,7	8,0	8,5	8,7	8,8	8,9	17,9	7,8	8,0	8,5	85,1	119	115	117	94	103	105	Laugardælar
14-800 Bíldur																							
14-801 Spakur																							
15-967 Bjartur	213	49,3	31,6	3,2	4,4	108,7	7,9	8,5	8,8	8,8	8,8	17,8	8,1	8,0	8,4	85,1	121	102	112	101	102	105	Fallinn
15-968 Tinni	46	48,2	30,8	3,0	4,1	108,1	7,9	8,4	8,8	8,8	8,7	17,7	7,8	8,0	8,2	84,3	120	90	105	97	100	101	Fallinn
15-969 Hroki	34	46,7	31,6	3,2	4,2	107,4	7,9	8,4	8,7	8,8	8,6	17,8	7,8	8,0	8,3	84,3	112	100	106	90	110	102	Fallinn
15-989 Drangi	108	50,0	31,0	3,0	4,3	109,4	7,9	8,3	8,5	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,5	84,3	112	115	114	102	111	109	Laugardælar
15-990 Mávur	236	49,9	30,8	2,5	4,2	108,9	7,9	8,6	8,8	8,8	8,8	17,9	8,1	8,0	8,4	85,3	116	118	117	99	101	106	Borgarnes
15-991 Njörður	32	49,1	31,4	3,1	4,3	109,2	8,0	8,4	8,8	8,8	8,7	17,7	7,8	8,0	8,4	84,6	113	114	114	102	98	105	Laugardælar
15-992 Óðinn	169	47,4	31,6	3,1	4,2	107,6	7,9	8,5	8,7	8,8	8,8	17,8	7,8	8,0	8,3	84,6	117	107	112	102	104	106	Borgarnes
15-802 Angi																							
15-803 Eiríkur																							
15-804 Gunni																							

15-805 Fjalldrapi	109	106	108	97	103	103	Laugardællir																
15-806 Náli	110	117	114	110	103	109	Laugardællir																
15-807 Raxi	111	100	106	97	97	100	Borgarnes																
16-993 Dímon	121	47,7	31,1	2,9	4,3	110,0	8,0	8,6	8,7	8,9	8,7	17,7	7,8	8,0	8,2	84,6	112	113	113	112	105	110	Fallinn
16-994 Durtur	80	48,7	31,1	3,4	4,3	108,2	8,0	8,5	8,7	8,8	8,8	17,8	7,8	8,0	8,4	84,8	123	101	112	103	107	107	Laugardællir
16-995 Fáfñir	168	46,6	31,4	2,9	4,3	106,9	8,0	8,5	8,6	8,8	8,8	17,8	7,8	8,0	8,3	84,6	120	113	117	103	112	111	Borgarnes
16-996 Kubbur	43	48,2	30,7	2,9	4,1	109,8	8,0	8,6	8,8	8,7	8,8	17,8	7,8	8,0	8,2	84,7	113	102	108	108	105	107	Fallinn
17-808 Drjúgur																	117	103	110	104	111	108	Laugardællir
17-809 Glæpon																	113	100	107	99	109	105	Borgarnes
17-810 Köggull																	109	108	109	101	106	105	Borgarnes
Meðaltal hyrndir:	2.988	48,4	31,0	3,0	4,2	108,8	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,4	84,6							

Kollóttir

11-979 Blær	100	49,7	29,5	3,2	3,9	110,3	8,0	8,5	8,6	8,5	8,6	17,5	8,5	8,0	8,5	84,7	99	114	107	109	123	113	Laugardællir
12-970 Brúsi	56	49,8	30,5	3,3	4,0	110,1	7,9	8,5	8,7	8,8	8,7	17,7	8,3	8,0	8,4	85,0	104	110	107	101	112	107	Borgarnes
12-980 Lampi	82	48,3	30,1	3,4	4,0	109,6	8,0	8,5	8,6	8,7	8,7	17,6	8,3	8,0	8,4	84,8	108	107	108	107	112	109	Fallinn
13-940 Krapí	20	49,5	30,0	3,2	4,0	109,2	7,9	8,3	8,5	8,6	8,5	17,6	8,1	8,0	8,4	83,9	105	107	106	107	98	104	Fallinn
13-941 Serkur	51	50,9	30,7	3,5	4,1	108,0	7,9	8,6	8,7	8,7	8,8	17,8	8,5	7,9	8,6	85,5	110	97	104	97	105	102	Fallinn
13-944 Magni	32	48,8	30,0	3,1	4,0	107,9	7,9	8,5	8,6	8,6	8,7	17,8	8,3	8,0	8,4	84,8	111	109	110	97	96	101	Fallinn
13-971 Ebiti	63	48,8	30,5	3,5	4,0	110,0	7,9	8,5	8,7	8,7	8,7	17,8	8,0	8,0	8,3	84,6	113	107	110	100	107	106	Borgarnes
13-981 Mollí	97	48,3	29,1	3,2	3,9	108,7	7,9	8,4	8,6	8,5	8,6	17,6	8,1	7,9	8,4	84,0	109	111	110	109	111	110	Borgarnes
13-982 Móri	127	51,0	30,4	3,1	4,0	112,0	7,9	8,4	8,5	8,7	8,6	17,6	7,9	8,0	8,4	84,0	108	109	109	116	112	112	Laugardællir
13-811 Jökull																	105	107	106	103	109	106	Laugardællir
14-972 Fannar	45	51,3	30,3	3,6	3,9	109,2	7,9	8,4	8,6	8,7	8,6	17,7	8,4	8,0	8,5	84,8	104	105	105	101	111	106	Laugardællir
14-973 Plútó	16	49,2	30,2	3,5	4,0	107,8	7,9	8,5	8,8	8,6	8,7	17,7	8,4	8,0	8,5	85,1	109	103	106	104	105	105	Borgarnes
14-812 Reykur																	113	98	106	105	113	108	Borgarnes
15-983 Kollur	149	50,5	30,1	3,3	4,1	109,8	7,9	8,6	8,7	8,7	8,8	17,8	8,4	8,0	8,5	85,4	111	107	109	102	102	104	Laugardællir
17-813 Dúlli																	123	100	112	96	102	103	Laugardællir
17-814 Guðni																	117	101	109	98	106	104	Borgarnes
Meðaltal kollóttir:	838	49,8	30,1	3,3	4,0	109,8	7,9	8,5	8,6	8,7	8,7	17,7	8,3	8,0	8,4	84,7							

Meðaltal allir: 3.826 48,7 30,7 3,1 4,2 109,0 8,0 8,5 8,7 8,7 8,7 17,7 8,0 8,0 8,4 84,7

Feldfjárhútar

09-939 Lobbi	77	100	89	81	78	83	Laugardællir
12-978 Melur	86	99	93	100	90	94	Borgarnes

11-946 BORKÓ

frá Bæ, Árneshreppi.

PÚKI 06-807 frá Bergsstöðum

GJÓTA 09-137

ÁRI 04-096 ~ 03-341

AT 06-806 ~ HVELLA 07-788

frá Hafrafellstungu

MMF: Hvellur 05-969, MMMF: Glæsir 98-876.



Lýsing: Hvítur, finhyrndur með friðan haus. Háls sver og herðar breiðar og vel holdfylltar. Bakhold góð. Malir breiðar með ágæta vöðvafyllingu. Lærahold góð og fótstaða einnig. Bollangur og fallegur hrútur á velli. Gæfur og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Ljósgulur í hnacka, mikið gulur á fótum, aðeins af gulum hárum í reyfi. Ullarmagn í meðallagi, þelið þykkt. Togið meðalfínt, fremur stutt en hrokkið.

Reynsla: Borkó 11-946 er nú að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð og er einhver reyndasti hrútur stöðvanna. Afkvæmi hans eru um meðaltal í vænleika, stundum dálítið hrjúf um herðar en að öðru leyti ágætlega holdfyllt og samsvara sér vel. Ull afkvæma hans er oft á tíðum talsvert gul. Öll haust hafa komið fram nokkur mjög góð hrútsefni undan Borkó og gimbrar sem hafa verið skoðaðar eru ekki síður föngulegar.

Við val Borkós á stöð var ekki síður horft til þess að talverðar væntingar voru til hans sem ærföður og hefur viðtæk notkun hans staðið undir þeim líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir til um. Þeir bændur sem vilja bæta dætraeiginleika í hjörðum sínum ættu að horfa til þess að nota Borkó nú í vetur.

Litaerföir: Borkó er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2011-45-110-292,7/3,0-8,0-8,0-8,5-8,0-8,5-17,5-7,0-8,0-8,5=82,0 stig

Lambhrútaskoðun	2016	2017	2018
Fjöldi	125	114	26
Þungi	47,6	47,7	46,4
Fótleggur	110	110	109
Læri	17,6	17,6	17,6
Ull	7,8	7,7	7,8
Ómvöðvi	30,1	30,0	29,8
Ómfita	3,0	2,8	3,3
Lögun	4,0	4,0	3,9

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						108
Fita						107
Skrokkgæði (100%)						108
Frjósemi (97%)						102
Mjólklagni (95%)						110
Heildareinkunn						107

11-947 KRAFTUR

frá Hagalandi, Þistilfirði. (Keyptur frá Laxárdal, Þistilfirði.)

FAXI 09-152

ÞYRNIRÓS 07-705

RAFTUR 05-966 ~ BRINGA 07-728
frá HestiKJALVAR 02-943 ~ ÆDEY 05-561
frá Kjalvararstöðum

MMF og FMMF: Fróði 04-963, MMMF: Moli 00-882.



Lambhrútaskoðun	2016	2017	2018
Fjöldi	119	50	46
Þungi	49,1	48,5	49,0
Fótleggur	109	109	109
Læri	17,6	17,7	17,9
Ull	7,8	7,9	7,7
Ómvöðvi	30,3	30,0	31,7
Ómfita	2,7	2,9	2,9
Lögun	4,2	4,1	4,4

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						113
Fita						106
Skrokkgæði (100%)						110
Frjósemi (98%)						110
Mjólklagni (97%)						101
Heildareinkunn						107

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með sver horn. Haus þróttlegur og háls sver og vel bundinn. Herðar í herra lagi en holdfylltar. Útlögur geysimiklar. Bakið sterkt og holdfyllt. Malir kúptar og vel vöðvaðar. Lærahold góð. Bollangur og sterkbyggður hrútur. Fætur sterkir og fótstaða góð.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Svört doppa á bol, í baki og á síðu. Engin gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Þel allþykkt. Togið fremur gróft, stutt í baki en hrokkið.

Reynsla: Kraftur 11-947 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð. Hann fékk ágæta notkun fyrsta árið á stöð en því miður talsvert minni notkun sl. tvo vetur. Afkvæmi Krafts sl. haust voru yfir meðaltali í þunga. Þykkt bakvöðva í mældum hrútlömbum var sú næstmesta að meðaltali þetta haustið auk þess sem hann deildi besta meðaltali í lögun bakvöðvans með tveimur öðrum hrútum. Þá mældist fita á baki aðeins undir meðaltali og því hófleg. Stigatölur fyrir dóma á sonum hans voru fyrir ofan meðaltöl annarra stöðvahrúta fyrir utan stig fyrir ull og samræmi. Synir hans deildu auk þess hæstri lærastigun að meðaltali ásamt sonum þriggja annarra stöðvahrúta. Þá dæmdust synir hans með næstflestu heildarstig hjá hyrndu stöðvahrútinum. Kraftur gefur einnig hagstætt kjötmat m.t.t. gerðar og fitu. BLUP-kynbótamat Krafts fyrir frjósemi dætra er mjög gott og mjólklagni rétt yfir meðaltali. Eins og áður hefur verið nefnt í hrútaskrá, er Kraftur alhliða kynbótahrútur sem verðskuldar góða notkun nú á komandi fengitíð, sem verður sú síðasta hjá honum.

Litaerföir: Kraftur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ)

Mál og stigun: 2011-44-108-32/2,1/5,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,5 stig

12-960 MALLI

frá Bjarteyjarsandi, Hvalfjarðarsveit. (Keyptur frá Skorholti, Hvalfjarðarsveit.)

BLAKKUR 07-865 frá Álftavatni

HELGA 10-108

KVEIKUR 05-965 ~ 04-655

SMYRILL 04-800 ~ 06-737

frá Hesti

frá Smyrlabjörgum

MMFF:Toppur 00-897



Lýsing: Mórauður, fínhyrndur með svipfríðan haus. Herðar örlítið háar og vantar litillega í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og vel vöðvað. Vel fylltar malir, þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Bollengd í meðallagi. Mjög gæfur hrútur.

Ullarlýsing: Mórauður, töluvert um grá háir í togi. Ullarstuttur og reyfið lítið. Þelið þokkalega þykkt, togið stutt og fingert.

Reynsla: Malli 12-960 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð en hann var þangað fenginn til að viðhalds mórauða litnum í sauðfjárstofninum. Malli hefur fengið talsverða notkun til þessa og nokkuð skýr mynd er komin af afkvæmum hans. Þau standa að meðaltali frekar neðarlega í samanburði við afkvæmi hyrndu stöðvahrúttanna þegar horft er til ómmælinga og stigunar en skera sig þó alls ekki úr í þeim hópi. Hann hefur skilað mörgum snotrum lömbum og dálitlu af ágætum hrútefnum. Dætur Malla eru prýðilega frjósamar og mjólkurlagni þeirra í góðu meðallagi.

Litaerföir: Malla er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2012-44-106-32/2,0/4,0-8-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

Lambhrútaskoðun	2017	2018
Fjöldi	120	59
Þungi	47,0	47,7
Fótleggur	110	110
Læri	17,4	17,5
Ull	7,9	7,9
Ómvöðvi	29,0	29,9
Ómfita	3,2	3,0
Lögun	4,0	4,0

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						99
Skrokkgæði (100%)						107
Frjósemi (94%)						111
Mjólkurlagni (87%)						102
Heildareinkunn						107

13-953 DREKI

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.

GRÁBOTNI 06-833 frá Vogum 2

10-885

GRÍMUR 01-928 ~ GRÁBOTNA 04-364

BORÐI 08-838 ~ 08-715

frá Staðarbakka

frá Hesti

MMFF: Hylur 01-883, MMMF: Svaði 94-998.



Lýsing: Hvítur, vel og fallega hyrndur með mjög fríðan haus. Herðar örlítið háar en bolur sívalur og útlögur góðar. Bakið breitt og holdfyllt. Malir breiðar og mjög holdfylltar. Lærahold frábær, innanlærsvöðvi áberandi mikill. Fótstaða góð. Bollangur hrútur, glæsilegur í alla staði.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Örlítið gult á mölum. Ullarmagn í meðallagi en reyfið jafnt. Þelið allþykkt og jafnt. Togið hrokkið en fremur róft, styttra í baki.

Reynsla: Dreki 13-953 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð og hefur fengið mikla notkun öll árin. Dreki er frábær lambafaðir en sterkustu einkenni afkvæma hans eru mikill vænleiki og áberandi góð bollengd. Undan Dreka hafa komið fram nokkrir mjög athyglisverðir synir vítt um land og eru tveir þeirra komnir til notkunar á sæðingastöð, Drangi 15-989 og Fáfniir 16-995.

Dætur Dreka eru ekki síður góðar mæður og hafa sýnt frjósemi aðeins yfir meðallagi og eru mjög góðar mjólkurætur en BLUP-kynbótamat fyrir þann eiginleika hækkaði talsvert eftir uppgjársárið 2017 þegar fyrsti stóri dætrahópurinn tilkominn við sæðingar kom til uppgjors.

Dreki er hrútur sem allir sauðfjábændur ættu að prófa að nota í sinni hjörð – sérstaklega ef bæta á alla þá eiginleika sem verið er að rækta eftir gildandi ræktunarmarkmiðum fyrir sauðfjárstofnin.

Litaerföir: Dreki er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórautt né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-50-111-36/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

Lambhrútaskoðun	2016	2017	2018
Fjöldi	292	350	136
Þungi	48,7	48,4	48,2
Fótleggur	110	110	109
Læri	17,8	17,7	17,8
Ull	7,9	7,9	7,8
Ómvöðvi	31,1	30,7	31,3
Ómfita	3,1	3,0	3,1
Lögun	4,2	4,2	4,2

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						110
Fita						115
Skrokkgæði (100%)						113
Frjósemi (99%)						104
Mjólkurlagni (97%)						114
Heildareinkunn						110

14-801 SPAKUR

frá Oddsstöðum, Lundarreykjadal.

NYR



FMF: Ylur 08-805; MFF: Kveikur 05-965.



14-801

Lýsing: Hvítur hyrndur með gott hornalag og myndarlegan haus. Feikilega útlögumikill með góð bak- og malahold og mjög vel lagaðan lærvöðva. Vörpulegur glæsigripur og mikill á velli. Rólegur og yfirvegaður hrútur eins og nafnið gefur til kynna.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnacka, á dindli og fótum. Töluvert um gul hár í ullinni aftan til. Ullarmagn í meðallagi. Togið meðalgróft, styttra í baki. Pelið þykkt framan til en styttra í baki og aftan til.

Reynsla: Spakur 14-801 var valinn inn á stöðvarnar vorið 2018 en hafði verið lengi á lista yfir álitlega kynbótahrúta fyrir þær. Haustið 2015 stóð hann efstur í afkvæmarannsókn heima á Oddsstöðum og vakti þá strax athygli. Haustið 2016 varð hann að gefa eftir toppsætið í afkvæmarannsókninni þar heima fyrir Nála 15-806 sem nú kemur einnig til notkunar á stöðvunum. Haustið 2017 var Spakur einn þeirra aðkomuhrúta sem tók þátt í afkvæmarannsókn á vegum stöðvanna að Gilsbakka í Hvítársíðu. Óðinn 15-992 og Njörður 15-991 voru valdir til notkunar á stöðvunum á grundvelli þeirra niðurstaðna sem þar fengust. Meðalfallþungi lamba unda Spak í rannsókninni var 16,7 kg, einkunn fyrir gerð 9,9 og fyrir fitu 6,4. Fallþungi í rannsókninni var að meðaltali 17,1 kg, meðaleinkunn fyrir gerð 10,0 og fyrir fitu 6,5. Leiðin lá aftur heim að Oddsstöðum og þar átti Spakur enn og aftur fallegan lambahóp nú í haust. Á síðastliðnum fjórum árum hefur verið slátrað á þriðja hundrað lömbum undan Spak og er meðalfallþungi þeirra 16,8 kg, gerð 10,1 og fita 6,3. Spakur hefur þrýðilegt kynbótamat sem ærfaðir og sú reynsla sem komin er á dætur hans er lofandi. Árið 2017 sýndi rúmur tugur dætra hans frjósemi talsvert yfir meðaltali og höfðu þær 5,4 afurðastig að jafnaði um haustið.

Móðir hans 09-022 varð átta vetra, frjósöm afurðær með 5,8 í afurðaeinkunn. Hún átti eitt lamb sem gemlingur, var einu sinni einlembd, þrisvar þrilembd, annars tvilembd. Allt bendir til að Spakur sé góður alhliða kynbótahrútur fyrir ræktunarstarfið í landinu.

Litaerföir: Spakur er arfblendinn fyrir golsóttum lit en erfir ekki mórault.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-55-109-32/4,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							115
Fita							106
Skrokkgæði (98%)							111
Frjósemi (83%)							115
Mjólurlagni (77%)							109
Heildareinkunn							112

14-986 BERGSSON

frá Valdasteinsstöðum, Hnútafirði.



MMF: Kaldi 03-989; MFFF: Þrjónn 07-812



14-986

Lýsing: Hvítur, hyrndur með kröftugan haus. Herðar fremur grófar en frampartur vel holdfylltur. Mala- og lærahold góð. Stór og bollangur hrútur.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum, svolítið um gul hár í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog misskipt, lítið í baki en meðalfint.

Reynsla: Bergsson 14-986 kom á sæðingastöð sumarið 2017 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Valdasteinsstöðum. Erfiðlega gekk að ná úr honum nothæfu sæði síðasta vetur og notkun hans því minni en ella. Með öllu er óvíst hvort Bergsson gefur betra sæði í vetur en ákveðið var að hafa hann í skrá ef hann myndi hrökkva í gang. Heima á Valdasteinsstöðum sýndi hann öll haust yfirburði sem lambafaðir, afkvæmi hans eru heldur yfir meðallagi hvað vænleika snertir samhlíða góðri gerð og lítilli fitu.

Við val Bergssonar var ekki síður horft til hans sem öflugs ærföður. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er hagstætt en mat fyrir frjósemi er heldur ofmetið vegna áhrifa frá Kalda 03-989 sem er móðurmóðurfaðir hans, en Bergsson ber ekki erfðavisi fyrir Þokugeni. Dætur hans sýndu frjósemi á búsméðaltali í vor og skiluðu góðum lömbum í haust. Árið 2017 voru rúmlega 20 dætur á heimabúi með frjósemi um meðaltal búans og 5,3 afurðastig að jafnaði um haustið.

Bergsson hefur því alla burði til að verða öflugur alhliða kynbótahrútur.

Litaerföir: Bergsson er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-60-108-37/3,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-8,0-8,0-9,0=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2018

Fjöldi	20
Þungi	47,2
Fótleggur	109
Læri	17,4
Ull	8,0
Ómvöðvi	30,9
Ómfita	3,0
Lögun	4,0

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							110
Fita							116
Skrokkgæði (98%)							113
Frjósemi (88%)							116
Mjólurlagni (83%)							108
Heildareinkunn							112

15-802

ANGI

frá Klífmýri, Skarðsströnd.

TANGI 13-422

13-592

VOGUR 11-499 ~ SILFURRÓS 10-093

SPROTI 10-480 ~ RÓT 09-869

frá Geirmundarstöðum

FFF: Tenór 08-873; FMF: Bassi 09-878; MFF: Kvistur 07-866; MMFF: Lómur 02-923

15-802



Lýsing: Hvítur myndur með stuttan, sveran og svipmikinn haus, aðeins grófur um herðar. Bakið er sterkt, malir jafnar og holdfylltar og lærvöðvi vel lagaður og fyllir vel í krika. Harðholda kind með sterkan afturpart.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Gul hár eru töluvert áberandi í ullinni. Svört doppa á baki og svartir blettir í húð víðar. Ullarmagn í tæpu meðallagi en reyfið er jafnt. Togið er fremur gróft og styttra í baki.

Reynsla: Angi 15-802 var valinn á stöð sumarið 2018 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Klífmýri. Hann vakti fyrst athygli veturgamall í stórrí afkvæmarannsókn þegar hann stóð þar eftur og endurtók svo leikinn haustið 2017. Afkvæmi Anga mælast með þykkun bakvöðva og hafa öflug lærahold samhliða góðum vænleika og hagstæðri flokkun. Í afkvæmarannsókn haustið 2017 var fallþungi afkvæma hans 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og einkunn fyrir fitu 5,8. Meðalfallþungi í rannsókninni var 16,0 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og einkunn fyrir fitu 5,9. Skrokkgæðaeiginleikar afkvæma Anga eru því óumdeildir.

Vegna aldurs er ekki mikil reynsla fengin á dætur Anga. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika bendir til að þær séu um meðaltal í frjósemi og góðar mjólkurær. Fyrstu vísbendingar benda til að svo sé en 9 dætur hans höfðu 5,2 afurðastig að jafnaði haustið 2017.

Móðir Anga, 13-592 er öflug afurðæær. Hún var einlembd gemlingur, tvílembd tveggja vetra en síðan þrílembd síðustu þrjú ár og hefur 8,4 afurðastig.

Litaerföir: Angi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-50-108-33/2,6/4,5-8,0-8,0-8,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=84,0 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							118
Fita							107
Skrokkgæði (97%)							113
Frjósemi (77%)							101
Mjólkurlagni (71%)							109
Heildareinkunn							108

Vilt þú standa með bændum?

Aðild að Bændasamtökunum býðst fleirum en starfandi bændum.

Í samþykktum BÍ er kveðið á um aukaaðild fyrir einstaklinga sem eru ekki starfandi bændur en styðja við markmið samtakanna. Aukaaðildin er tilvalin fyrir allt áhugafólk um landbúnað og fyrir þá sem eru hættir búskap en langar til að halda tengslum við samtökin. Bændasamtökin bjóða áhugasama velkomna í hópinn.

Þinn ávinningur:

- Sérkjör á gistingu á Hótel Sögu
- Aðgengi að orlofsíbúð Bændasamtakanna í Kópavogi
- Boð á ýmsa viðburði á vegum BÍ
- Tímarit Bændablaðsins sent einu sinni á ári

Árgjald fyrir aukaaðild er kr. 13.000 á einstakling.

Upplýsingar um aukaaðild

Sími **563-0300**
Netfang **bondi@bondi.is**
www.bondi.is

Fulltrúar í þjónustuveri BÍ svara fyrirspurnum í síma **563-0300** og netfangið **bondi@bondi.is**.

Nánari upplýsingar um aðild og fjölbreytta starfsemi Bændasamtakanna er að finna á vefnum **bondi.is** þar sem jafnframt er hægt að skrá sig í samtökin.



Fylgstu með bændum á Bændasamtök

15-807 RAXI

frá Árbæjarhjáleigu, Holtum.

NÝR



MFF: Papi 04-964; FMFF: Raftur 05-966



15-807

Lýsing: Hvítur fínhyrndur en fremur krapphyrndur með stuttan og sveran haus. Raxi er afar útlögumikill, breiðvaxinn og vel holdfylltur. Læri úrvallsgóð. Fremur lágfættur og langvaxinn hrútur en örllítið kviðaður. Afbragðskind að gerð..

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnacka og á fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi en svört doppa á baki. Ullarmagn fremur mikið, togjð fingert og nokkuð hrokkið, þelið mikið og jafnt.

Reynsla: Raxi 15-807 frá Árbæjarhjáleigu var afkvæmaprófaður í Skarði í Landsveit þar sem nokkrir álitlegir hrútar úr Rangárvallarhólfi voru í samanburði. Þar staðfesti Raxi það sem hann hafði áður sýnt á heimabúi að hann er feikilega öflugur m.t.t. skrokkgæða. Hann sýndi mikla yfirburði í líflambahlutanum þar sem hann átti langflest lífhrútsefnin og bakvöðvinn var 1,5 mm yfir meðaltali í samanburðinum. Hann átti einnig best gerðu sláturlömbin. Meðalfallþungi afkvæma hans var 15,7 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og fyrir fitu 5,7. Meðalfallþungi allra sláturlamba í rannsókninni var 15,5 kg, einkunn fyrir gerð 9,2 og einkunn fyrir fitu 5,4.

Raxi er lítt reyndur sem ærfaðir: Hann átti 12 dætur á skýrslum sl. vor, þar af 10 veturgamlar ær sem sýndu frjósemi undir búsméðaltali.

Móðir Raxa, I 1-126 er endingargóð en sveiflur hafa verið í afurðasemi hennar. Hún átti eitt lamb veturgömul, hefur tvisvar verið einlembd eftir það en annars tvílembd. Meðalafurðastig hennar er 4,3.

Litaerfðir: Raxi er arfblendinn fyrir gólsóttum lit - erfir mórault en ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-51-104-35/3,0/4,5-8,0-8,5-9,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-8,5=88,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						111
Fita						100
Skrokkgæði (96%)						106
Frjósemi (69%)						97
Mjólkurlagni (64%)						97
Heildareinkunn						100

15-990 MÁVUR

frá Mávahlíð, Snæfellsnesi.



FMMF: Abel 00-890; MMFF: Þróttur 04-991



15-990

Lýsing: Hvítur, hyrndur með friðan haus. Herðar holdfylltar, útlögur miklar, bakið holdgróið og átaksgott. Malir breiðar og holdfylltar. Frábær lærahold. Mávur er glæsilegur og bollangur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með dökka skugga við augu og á nösnum. Ullarmikill, togjð langt en fínt og gljáandi. Þelið jafnt og þykkt.

Reynsla: Mávur 15-990 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var mest notaði hrútur stöðvanna sl. vetur og átti jafnframt flesta skoðaða lambhrúta nú í haust. Óhætt er að segja að hann hafi staðist væntingar og sé ein af stjórnung haustsins því synir hans gáfu flest heildarstig í hópi afkvæma hyndra sæðingahrúta. Bakþykktarmælingar voru örllítið undir meðaltali í hrúttunum en yfir í gimbrunum. Áberandi góður dómur var síðan á frambarti, mölum og lærum lambanna þar sem bæði synir hans og dætur deildu hæstri lærastigun að meðaltali ásamt afkvæmum þriggja annarra stöðvahrúta. Samræmi sona hans er gott og mikið kom fram af hreinhvítum lömbum með mikla og fallega ull. Eitthvað bar á lömbum með yfirbit sem skýrir að einhverju leyti 7,9 stig að meðaltali fyrir haus. Vænleiki afkvæma Mávs var góður og voru synir hans 1,5 kg yfir lífþungameðaltali þrátt fyrir að vera með minnsta bakfitu allra sona sæðingahrúta. Flokkun afkvæma í sláturhúsi staðfestir svo þessar niðurstöður.

Takmörkuð reynsla er komin á Máv sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika bendir til að þar sé hann um meðaltal. Frekari reynsla verður svo að varpa betra ljósi á hvar hann stendur í þeim efnum.

Litaerfðir: Mávur er arfblendinn hvítur, gefur mórauðan lit og tvílit – gefur hreinhvítt

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-56-109-34/2,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=88,5 stig

Lambhrútaskoðun	2018
Fjöldi	236
Þungi	49,9
Fótleggur	109
Læri	17,9
Ull	8,1
Ómvöðvi	30,8
Ómfita	2,5
Lögun	4,2

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						116
Fita						118
Skrokkgæði (99%)						117
Frjósemi (78%)						99
Mjólkurlagni (68%)						101
Heildareinkunn						106

15-992 ÓÐINN

frá Skörðum, Miðdölum.



Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með svipmikinn haus. Mjög breiðvaxinn og bolvíður hrútur. Bak- mala- og lærahold frábær. Lærvöðvi mjög kúptur og fyllir vel niður. Glæsilegur hrútur í alla staði.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnacka og á dindli. Gul hár áberandi um allt reyfi. Ullarmikill. Reyfi þykkt og mikið. Tog þokkalega jafnt og meðalgróft.

Reynsla: Óðinn 15-992 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð og fékk umtalsverða notkun síðasta vetur. Afkvæmi hans eru aðeins undir meðaltali í vænleika en hafa góða bakmælingu og eru öflug áttaks. Þau afkvæmi hans sem fóru í sláturhús flokkast vel en tæplega 15% fóru í holdfyllingarflokk E sem er svipuð niðurstaða og heima í Skörðum. Sonur Óðins þar heima sýndi fáheyrða yfirburði við skoðun líflamba í Skörðum nú í haust. Skrokkgæðaeiginleikar afkvæma Óðins eru því óumdeildir.

Lítill reynsla er komin á dætur hans en fer þó vaxandi. Um 40 dætur hans sýndu frjósemi yfir búsméðaltali vorið 2018 og veturgamlar dætur hans höfðu 5,2 afurðastig að jafnaði haustið 2017. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er yfir meðallagi.

Móðir hans, 11-374 hefur reynst farsæl afurðaðar, einlembd gemlingur en ætíð tvílembd eftir það með 6,9 afurðastig en flest afkvæma hennar hafa verið sett á.

Litaerfðir: Óðinn er arblendinn hvítur en erfir ekki mórætt. Gefur tvílit og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-47-104-33/2,4/5,0-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=84,5 stig

Lambhrútaskoðun 2018

Fjöldi	169
Þungi	47,4
Fótleggur	108
Læri	17,8
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,6
Ómfita	3,1
Lögun	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							117
Fita							107
Skrokkgæði (99%)							112
Frjósemi (84%)							102
Mjólurlagni (76%)							104
Heildareinkunn							106

16-995 FÁFNIR

frá Mýrum 2, Hrutafirði.



Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með fríðan haus. Frampartur vel gerður en aðeins hrjúfur um herðar og bolvídd í meðallagi. Bak-, mala- og lærahold góð. Bollengd í meðallagi. Fallegur hrútur.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum og aðeins gult í ull. Ullarmikill. Þel þykkt og mikið. Tog fremur stutt og meðalgróft.

Reynsla: Fáfñir 16-995 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Val hans byggðist á góðri útkomu í stórra afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Miðfjarðarhólfi, sem fram fór á Mýrum 2. Fáfñir stóð vel undir væntingum og átti glæsilegan afkvæmahóp í haust. Hann skipar sér strax í flokk með bestu lambafeðrum stöðvanna. Afkvæmin eru gjarnan lágfætt og ákaflega vel holdfyllt. Af þeim lömbum sem enduðu í sláturhúsi í haust, undan Fáfñi fóru 65% í holdfyllingarflokka E og U.

Fáfñir er enn lítt reyndur sem ærfaðir. Fyrstu dætur hans báru heima á Mýrum 2 í vor. Var frjósemi þeirra allgóð eða um 1,3 lömb sem er þó aðeins undir búsméðaltali. Allar ætternisvallýsingar benda þó til að Fáfñir verði einnig til kynbóta sem ærfaðir og er hann því áfram valkostur sem mjög öflugur alhiða kynbótahrútur.

Litaerfðir: Fáfñir er arblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórætt né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Litið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-51-106-35/3,2/4,5-8,0-8,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,0 stig

Lambhrútaskoðun 2018

Fjöldi	168
Þungi	46,6
Fótleggur	107
Læri	17,8
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,4
Ómfita	2,9
Lögun	4,3


	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							120
Fita							113
Skrokkgæði (99%)							117
Frjósemi (84%)							103
Mjólurlagni (76%)							112
Heildareinkunn							111

17-809

NÝR

GLÆPON

frá Hesti, Borgarfirði.



MMF: VETUR 12-14; MMFF: GRÁBOTNI 06-833; MMMF: FREYÐIR 07-810



17-809

Lýsing: Hvítur gleiðhyrndur með fingerð horn og fríðan haus. Að upplagi er Glæpon lágfætt, fríð og fingerð holdakind með mikla vöðvasöfnunareiginleika. Hann var glæsilegt lamb en af einhverjum sökum hefur hann ekki þroskast eins vel og stallbræður hans. Glæpon er skýrt dæmi um að skynsamlegra er meta hrút út frá afkvæmum en útliti hans og þroska þegar þessum aldri er náð.

Ullarlýsing: Gulur í hnacka og dökkgulur á fótum. Gul hár nokkuð áberandi um allan bolinn. Ullarmagn í meðallagi, togíð stutt og fremur gróft en þelið þykkt og jafnt. Ullarstuttur í baki.

Reynsla: Glæpon 17-809 er einn þriggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður afkvæmarannsóknar að Hesti haustið 2018 lágu fyrir. Afkvæmahópur hans í rannsókninni var ríflega meðalvænn og lömbin stíguðust mjög vel fyrir framt. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Glæpon var 17,27 kg, einkunn fyrir gerð 10,02 og fyrir fitu 5,98. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í rannsókninni var 16,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,91 og fyrir fitu 5,59. Glæpon átti flesta hrúta sem teknir voru frá til lífs eða sölu undan afkvæmarannsóknarhrútonum og dágóður hópur gimbra í ásetningshópnum er undan honum.

Þar sem Glæpon er aðeins veturgamall er engin reynsla fengin af dætrum hans en BLUP kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika sem byggir á ætterni gefur væntingar um að dæturnar verði í meðallagi frjósamar en prýðilega mjólkurlagnar ær. Móðir hans, 14-833 var einlembd sem gemlingur, geld sem tvævetla en síðan tvílembd. Hún er með 9,0 í afurðastig fyrir tvö ár.

Litaerfðir: Arfblendinn hvítur – erfir líklega hvorki mórauðan lit né tvílít. Frekari notkun mun varpa betra ljósi á það.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-42-103-38/2,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,0 stig


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		■				113
Fita		■				100
Skrokkgæði (90%)		■				107
Frjósemi (50%)		■				99
Mjólkurlagni (50%)		■				109
Heildareinkunn		■				106

17-810

NÝR

KÖGGULL

frá Hesti, Borgarfirði.



MMF: Bifur 06-994; FFFF: Kveikur 05-965; FMFF: Þorsti 11-910



17-810

Lýsing: Hvítur hyrndur með aðeins vanin horn og fríðan og þröttlegan haus. Herðar eru breiðar, útlögur miklar og bolurinn sívalur. Bakið sterkt og holdgróið. Köggull hefur öflug mala- og lærahold og er jafnvaxinn og samræmisgóður. Afbragðshrútur að gerð og föngulegur á velli.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum og gulur dindill. Gul hár áberandi í reyfinu einkum aftan til. Ullarmikill, togíð í meðallagi gróft og styttra í baki. Þelið mjög mikið og þykkt.

Reynsla: Köggull 17-810 er einn þriggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður afkvæmarannsóknar að Hesti haustið 2018 lágu fyrir. Vænlleiki lamba hans í rannsókninni var vel yfir meðaltali og lömbin mældust með afgerandi þykkastan bakvöðva sem jafnframt var mjög vel lagaður. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Köggli var 17,59 kg, einkunn fyrir gerð 10,14 og fyrir fitu 5,69. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í rannsókninni var 16,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,91 og fyrir fitu 5,59. Köggull á drjúgan hóp dætra meðal ásetningsgimbranna á Hesti.

Þar sem Köggull er aðeins veturgamall er engin reynsla fengin af dætrum hans en BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika sem byggir á ætterni veður væntingar um að dæturnar verði í meðallagi frjósamar en mjólkurlagnar ær.

Móðir hans 11-271 hefur verið farsæl afurðæær, einlembd sem gemlingur en síðan ætið tvílembd. Hún er með 7,9 í afurðastig fyrir 6 ár.

Litaerfðir: Köggull er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-43-110-36/3,8/5,0-8,0-8,5-9,0-10,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		■				109
Fita		■				108
Skrokkgæði (91%)		■				109
Frjósemi (50%)		■				101
Mjólkurlagni (50%)		■				106
Heildareinkunn		■				104

ÍSLENSKT FÓÐUR FYRIR ÞITT SAUÐFÉ



Tveir frábærir kostir

Milljónablanda

Milljónablanda er með **37%** próteininnihaldi auk þess að innihalda ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda sem hentar vel með prótínsnauðu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma, inniheldur selen og mikið af bætiefnum.


Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er með **16%** próteininnihaldi sem byggir að öllu leyti á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Óerfðabreytt og inniheldur góða samsetningu á steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.

12-970 BRÚSI

frá Kollsá, Hrutafirði.



MFF: FRAKKSSON 03-974; MMFF: OG MMMF: ÆGIR 01-916



12-970

Lýsing: Hvítur, kollóttur með svipmikinn og sterklegan haus. Útlögur og bygging framparts í góðu meðallagi. Bakið vel vöðvafyllt. Mala- og lærahold prýðileg. Fætur sterklegir. Mjög bollangur og fongulegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með mikla ull. Þel þykkt og mikið. Tog hrokkið en fremur gróft. Ullin ekki togmikil.

Reynsla: Brúsi 12-970 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð og fékk hann talsverða notkun síðustu tvo vetur. Afkvæmi hans eru þroskamikil, vel gerð, sum feikilega bollöng og fríðleikskindur á að horfa. Sumir veturgamlir synir hans eru athyglisverðir lambafaðir.

Val Brúsa grundvallaðist ekki síst á því að hann þótti efnilegur ærfaðir. Vaxandi reynsla er að fást á þá eiginleika hjá dætrum hans. BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hefur lækkað lítillega frá fyrra ári en dætur hans sýna frjósemi um meðaltal. Sem mjólkurær eru þær öflugar en dætur hans heima á Kollsá höfðu 5,4 afurðastig að jafnaði haustið 2017. Brúsi er því mjög öflugur kynbótahrútur fyrir kollótta féð í landinu og rétt að benda á að hann er fjarskyldur þeim hrútalínum sem hafa verið ráðandi í kollótta stofninum undanfarin ár.

Litaerföir: Brúsi er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2012-49-111-32/3,7/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig

Lambhrútaskoðun	2017	2018
Fjöldi	155	56
Þungi	50,3	49,8
Fótleggur	111	110
Læri	17,5	17,7
Ull	8,4	8,3
Ómvöðvi	29,8	30,5
Ómfita	3,2	3,3
Lögun	3,9	4,0

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							104
Fita							110
Skrokkgæði (100%)							107
Frjósemi (92%)							101
Mjólkurlagni (80%)							106
Heildareinkunn							104

13-971 EBITI

frá Melum I, Árneshreppi.



FFF: STERI 07-855; FMMF: OG MMFF: LJÓMI 02-971



13-971

Lýsing: Hvítur, kollóttur með grófan og langan haus. Háls og herðar holdfylltar og útlögur í góðu meðallagi. Bak sterkt, breitt og vöðvafyllt. Malir langar og holdfylltar. Góð lærahold. Fætur sterkir og fótstaða góð. Áberandi bollangur og vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á fótum og gul hár fundust á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Tog hrokkið í baki en slétt í síðum, fremur gróft. Þel jafnt og meðalþykkt.

Reynsla: Ebiti 13-971 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð og hefur fengið mikla notkun síðustu tvo vetur. Afkvæmi hans eru þroskamikil, vel gerð, mörg gríðarlega langvaxin og nokkur með mjög þykkum bakvöðva. Ebiti er því mjög öflugur lambafaðir.

Val Ebita á sæðingastöð tók líka mið af því hversu góð fyrirheit hann gaf sem ærfaðir – þær væntingar dvínuðu á fyrsta ári en hafa farið vaxandi frá útgáfu síðustu hrútaskrár. Þannig hefur BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hækkað um 5 stig og stendur nú í 100 stigum en dætur hans eru um meðaltal í þeim eiginleika. BLUP-kynbótamat fyrir mjólkurlagni stendur nánast í stað milli ára en dætur hans eru góðar mjólkurær.

Litaerföir: Ebiti er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti og tvílit en ekki mórauðum lit – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-52-107-36/5,1/4,5-8,0-9,0-8,5-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig


Lambhrútaskoðun	2017	2018
Fjöldi	220	63
Þungi	50,3	48,8
Fótleggur	111	110
Læri	17,8	17,8
Ull	8,1	8,0
Ómvöðvi	29,9	30,5
Ómfita	3,5	3,5
Lögun	4,0	4,0

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							113
Fita							107
Skrokkgæði (100%)							110
Frjósemi (97%)							100
Mjólkurlagni (91%)							107
Heildareinkunn							106

13-981

MOLLI

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði. (Keyptur frá Stað, Steingrímsfirði.)



13-981

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þröttlegan haus. Bolurinn sívalur og vel holdfylltur. Malir breiðar og lærvöðvi kúptur og vel lagaður. Langvaxinn og fallegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, fremur ullarmikill með þykkt og mikið þel. Togið þokkalega jafnt, fremur gróft en gljáandi.

Reynsla: Molli 13-981 kom á sæðingastöðvarnar sumarið 2017 og er því að hefja sinn annan vetur á stöð. Val hans byggðist á góðum árangri hans sem allhiða kynbótahrútur á heimabúi. Molli fékk allgóða notkun sl. vetur. Afkvæmahópurinn sem kom til skoðunar í haust gefur til kynna að Molli keppi vart við öflugustu lambafeðurna í holdfyllingu. Hann gefur þó úrvalslömb í bland, en t.d. fóru 7,4% sláturlambanna undan honum í holdfyllingarflokk E. Hins vegar er ljóst að kynbótágildi Molla liggur öðru fremur í mæðra-eiginleikum sem hann skilar til dætra sinna. Samkvæmt skýrsluhaldsuppgjöri eftir haustið 2017 voru dætur Molla á Heydalsá 1 og á Stað vel yfir búsméðaltali bæði fyrir mjólkurlagni og frjósemi. Hann lækkar þó í kynbótamati í frjósemi, sem skýrist bæði af því að það mat er að hluta ofmat þar sem hann er af ofurfrjósemiskyni en ber þó ekki þokugæni og hins vegar var frjósemi dætranna á Stað aðeins síðri í vor en árið áður, sé miðað við búsméðaltal.

Lítaerföir: Molli er arfblendinn hvítur, erfir tvílit og mórauðan lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-52-110-28/2,6/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-8,5-8,0-8,5=84,5 stig

Lambhrútaskoðun 2018

Fjöldi	97
Þungi	48,3
Fótleggur	109
Læri	17,6
Ull	8,1
Ómvöðvi	29,1
Ómfita	3,2
Lögun	3,9

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						109
Fita						111
Skrokkgæði (99%)						110
Frjósemi (88%)						109
Mjólkurlagni (84%)						111
Heildareinkunn						111

14-973

PLÚTÓ

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



14-973

Lýsing: Hvítur, kollóttur með sveran, breiðan og þröttlegan haus. Háls vel bundinn við breiðar, vel holdfylltar herðar. Bringa breið og bolur vel sívalur. Bakið breitt og vel holdfylltar malir, lærvöðvi þykkur og fyllir vel í krikann. Bollengd í meðallagi og hrúturinn samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmikill. Tog glansandi, hrokkíð og jafnt en í grófara lagi, sérstaklega á síðum. Þel mikið og þykkt. Ullarprúður.

Reynsla: Plútó 14-973 er nú sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann var lítið notaður síðasta vetur og á hann minnsta hrútahópinn sem kom til skoðunar undan stöðva-hrúturnum sl. haust. Þessir hrútar fengu góða dóma og mælingar eins og sjá má í yfirlitstöflum. Synir hans voru margir ullargóðir, bollangir með sívalan bol og ágæt bak-, mala- og lærahold. Afkvæmi Plútós eru nokkuð breytileg að gerð sem endurspeglast í þeim lömbum sem fóru til slátrunar, en þar mætti Plútó skora betur. Lítil reynsla er enn fengin á dætur Plútós en BLUP-kynbótamat virðist lýsa frjósemi og mjólkurlagni þeirra vel miðað við fyrirleggjandi gögn.

Lítaerföir: Plútó er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-50-106-27/3,9/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

Lambhrútaskoðun 2017 2018

Fjöldi	76	16
Þungi	49,9	49,2
Fótleggur	109	108
Læri	17,7	17,7
Ull	8,4	8,4
Ómvöðvi	29,3	30,2
Ómfita	3,4	3,5
Lögun	3,8	4,0

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						109
Fita						103
Skrokkgæði (99%)						106
Frjósemi (87%)						104
Mjólkurlagni (74%)						105
Heildareinkunn						105

14-812 REYKUR

NÝR

frá Árbæ, Reykhólasveit. (Keyptur frá Teigi I, Fljótshlíð.)



Lýsing: Hvítur kollóttur, svartdröfnóttur á eyrum. Hausinn stuttur og sver. Bolur mjög sívalur og bringa breið. Malir breiðar og holdfylltar. Lærvöðvinn stinnur og kúptur og lokar mjög vel uppi í krika. Vel gerð holdakind.

Ullarlýsing: Gulur í hnacka og á dindli en ljósgulur á fótum. Gul hár finnst í reyfi, svört doppa á herðum. Fremur ullarlíttill og togstuttur. Togið meðalfint, þelið jafnt en ekki mikið.

Reynsla: Reykur 14-812 bættist við hrútaflota sæðingastöðvanna sumarið 2018. Hann er fæddur á hinu þekktu fjárræktarbúi Árbæ í Reykhólasveit en seldur sem lamb að Teigi í Fljótshlíð. Þar hefur hann reynst afburðagóður alhlíða kynbótahrútur. Öll árin hefur hann verið í hópi þeirra hrúta á búinu sem gefið hafa hvað besta gerð sláturlamba og mestan vænleika. Eftir hann liggja sláturupplýsingar um ríflega 180 lömb í Teigi frá haustinu 2015 til haustsins 2018. Meðalfallþungi allra afkvæma hans er 18 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og einkunn fyrir fitu 6,7. Við val Reyks var ekki síður horft til þess að hann er afar lofandi ærfaðir. Hann átti 16 dætur á ýmsum aldri í vor, sem sýndu úrvals frjósemi. Í haustuppgjöri 2017 höfðu 15 dætur Reyks 5,8 afurðastig að jafnaði.

Villa 12-537 móðir Reyks hefur staðið sig með sóma heima í Árbæ. Hún var tvílembd sem gemlingur og ætíð eftir það, þar til í vor að hún var einlembd. Afurðastig hennar eru 6,5.

Litaerföir: Reykur er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti gefur mórault og tvílit - gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2014-54-110-28/4,1/3,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,0=84,0 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							113
Fita							98
Skrokkgæði (98%)							106
Frjósemi (80%)							105
Mjólklurlagni (84%)							113
Heildareinkunn							108

17-814 GUÐNI

NÝR

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði.



Lýsing: Hvítur kollóttur með friðan og ræktarlegan haus. Herðar frábærlega holdfylltar og breiðar, útlögur miklar og bringa breið. Bakið breitt og sérstaklega holdfyllt. Malir ákaflega breiðar og holdfylltar. Lærholdin algjört úrval. Eilítil skekkja í vinstri afturfæti. Einstakur glæsigripur og metfé að gerð.

Ullarlýsing: Aðeins gulur í hnacka og á fótum en gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmikil með fremur stutt og fingert tog sem er hrokkið ofan til. Þelið er þykkt og mikið.

Reynsla: Guðni 17-814 er annar tveggja hrúta sem fengnir voru á stöð haustið 2018 að lokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Miðdalsgröf. Líkt og hinn nýliðinn, Dúlli 17-813, er Guðni talsvert ættaður frá Broddanesi I. Guðni vakti athygli sl. haust sem efsti lambhrútur á héraðssýningu í Strandasýslu og var nú í haust valinn besti veturgamli hrúturinn á svæðinu. Guðni kom vel út úr öllum þáttum afkvæmarannsóknarinnar og endaði með aðra hæstu heildareinkunn í þeim samanburði. Afkvæmi hans eru heilt yfir mjög vel gerð og hóflega feit. Meðalfallþungi afkvæma hans var 18,5 kg, einkunn fyrir gerð 11 og einkunn fyrir fitu 6,4. Meðalfallþungi í rannsókninni var 18,8, einkunn fyrir gerð 10,6 og einkunn fyrir fitu 6,7. Guðni er talsvert fjarskyldur öðrum kollóttum sæðingahrútum en fyrstu forfeður hans sem dvöldu á stöð eru í fimmta ættlið.

Móðir Guðna, ær nr. 14-100, hefur staðið sig með þrýði. Hún var einlembd á fyrsta ári en annars tvílembd með 6,8 afurðastig.

Litaerföir: Guðni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-51-109-42/3,5/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-7,5-8,5=87,0 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							117
Fita							101
Skrokkgæði (85%)							109
Frjósemi (50%)							98
Mjólklurlagni (50%)							106
Heildareinkunn							103



Claas Arion 400 frá 90 til 140 hestöfl.
Frábær til allra starfa og í algerum sérflokki þegar unnið er með ámoksturstækjum.



Claas Arion 510 – 550 frá 125-165 hestöfl.
Frelsi til að gera meira.

Við hönnun þessara véla er það haft að leiðarljósi að stjórnandi þeirra stígi sem óþreyttastur upp úr sæti sínu að afloknu dagsverki. Til að svo megi verða má nefna að vélarnar eru búnað ekilsæti af bestu gerð, tveggja eða fjögurra pósta hús fjöðrun er til staðar, framfjöðrun "valbúnaður" er af afar fullkominni gerð, girkassar eru annað hvort rafskiptir eða stiglausir og því ákaflega létt fyrir ökumann að stjórna þeim og síðast en ekki síst vel hljóðeinangrað hús með stórum gluggaflötum, sem veita góða yfirsýn yfir tengitæki vélarinnar veita að sjálfsögðu ákveðna hvíld fyrir stjórnandann.



Claas Arion 610 – 660 frá 145-185 hestöfl.
Þegar meira er betra.



Axion 800 205 – 295 hestöfl til að klára dæmið.

FELDFÉ

12-978 MELUR

FELDFJÁR
HRÚTUR

frá Melhól, Meðallandi. (Keyptur frá Þykkvabæjarklaustri 2, Álftaveri)

NÖKKVI 10-093 frá Bakkakoti I

07-714

GRÁFELDUR 08-894 ~ MÚS 03-325

GRÁSI 05-259 ~ 01-291

MMF: Vestri 00-853



12-978

Lýsing: Hausinn er breiður og þröttlegur, herðar sæmlega breiðar og jafnar og útlöngur góðar. Mala- og lærahold allgóð. Bollengd í meðallagi. Sterkir fætur. Hraustlegur hrútur.

Ullarlýsing: Grár, þokkalega jafn litur en þó aðeins ljósari á lærum og bógum. Ullarmikill miðað við aldur með fallegt, mjúkt og liðað tog en móleitr toppar hafa aðeins komið í tog með aldrinum. Þellitill en mætti þó vera þelminni miðað við feldræktun.

Reynsla: Melur 12-978 var tekinn á stöð sumarið 2017 til áframhaldandi viðhalds og dreifingar á feldæiginleikum. Feldfé hefur verið í ræktun í Meðallandi frá því um 1980 en stofninn er lítill og ræktendur orðnir fáir þar eystra. Mikilvægt er að reyna að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun á þessum sérstöku ullar- og gærueiginleikum og koma upp feldfé í fleiri varnarhólfum, ekki síst í líflambasöluhólfum. Við ræktun feldfjár er lagt mat á sjö eiginleika er varða feldinn. Þeir eru: Hreinleiki litar, dreifing lokkunar, gerð og styrkleiki lokks, gljái hára, háragæði (fint tog en sem minnst þel), gæði toghára og þéttleiki felds. Best er að nota hreinlitar gráar eða svartar ær til að hefja þessa ræktun og kostur að ull þeirra sé þellitil og togíð fingert. Ullar- og gærueiginleika er

tíltölulega auðvelt að vinna með í kynbótum þar sem arfgengi þeirra eiginleika er hátt. Rétt er að taka fram að þessi sérstöku ullar- og feldgæði koma ekki fram nema að takmörkuðu leyti í fyrstu kynslóð innblöndunar. Þeir ræktendur sem eiga dætur Gráfeldar 08-894 eða Lobba 09-939 ættu að leggja sérstaka áherslu á að nota Mel á þær. Rétt er að taka fram að Melur er ekki til þess fallinn að bæta vaxtarlag. Nokkur reynsla er komin á dætur Mels á Þykkvabæjarklaustri en þær hafa reynst frjósamar og þokkalega mjólkurlagnar. Síðastliðið vor áttu tíu fullorðnar dætur hans á Þykkvabæjarklaustri 2,0 lömb að jafnaði og fimm tvævetlur 1,6 lömb. Þar sem lítil áhersla hefur verið lögð á að bæta byggingarlag í ræktun feldfjár undanfarna áratugi stendur það orðið heldur illa í þeim samanburði við annað fé í landinu. Það kemur skýrt fram í kynbótamati fyrir gerð en hefur einnig sín áhrif á kynbótamat fyrir mjólkurlagni ána því mælikvarði þar er þungi lamba.

Litaerföir: Melur er arfblendinn grár en gefur einnig mórâuðan lit og tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

FORYSTUFÉ

15-977 NIKULÁS

FORYSTU
HRÚTUR

frá Brakanda, Hörgárdal.

LJÓTUR 14-555 frá Hafrafellstungu

SYLVÍA 03-186

GAMLI 13-106 ~ LIPURTÁ 12-200

JÓAKIM 02-072 ~ FORA 93-078

FM: LIPURTÁ 12-200 Á SÖMU FORELDRA OG FLÓRGÖÐI I I-886; MMF: MÓBLESI 89-921; MFFF: BISKUP 96-822; MMMF: SALÓMON 85-878.



15-977

Lýsing: Nikulás er svartarnhöfðóttur, sokkóttur, hyrndur. Hann var valinn á sæðingastöð sumarið 2017 til liðsinnis við varðveislu forystufjár. Hann er frá Brakanda í Hörgárdal en þar má finna eina stærstu hjörð af hreinræktuðu forystufé á landinu í dag. Nikulás er hávaxinn og virðulegur og ber höfuðið hátt og hefur vakandi auga á öllu sem fram fer í kringum hann. Hann hefur sýnt ótvíræða forystueiginleika á heimabúi og er þægur og rólegur í umgengni en þó varkár og ekki mikið fyrir klapp og kjass, nema rétt sé að honum farið og hann þekki sinn „húsbónnda“. Faðir Nikulásar, Ljótur 14-555 var frá Hafrafellstungu I í Öxarfirði en þar hefur lengi verið ræktað forystufé eins og víða á bæjum í Norður-Þingeyjarsýslu. Sæðingahrúturinn

Geri 03-986 er FFFF Nikulásar en öflugt forystufé frá Vestaralandi, Klifshaga og Grímsstöðum á Fjöllum kemur einnig fyrir í föðurættinni.

Sá forystuhrútur á sæðingastöð sem fyrstur kemur fyrir í ættartré Nikulásar er Móblesi 89-921 (MMF). Einum ættlið aftar koma fyrir gamlir kappar sem eru: Biskup 96-822 (MFFF), Prestur 94-823 (MFMF) og Salómon 85-878 (MMMMF).

Litaerföir: Undan Nikulási geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

AFKVÆMA- RANNSÓKNIR VEGNA SÆÐINGA- STÖÐVANNA 2018



Það hlýtur að teljast eðlilegt markmið að á sæðingastöðvunum séu bestu hrútar landsins. Að ná því markmiði hefur líklega gengið furðu vel í gegnum tíðina. Hluti af skýringunni á því er að bændur sýna því almennt mjög góðan skilning að til þess að þeir geti sótt sæði í úrvalshrúta þurfa þeir líka að vera tilbúnir að leggja fram úrvalsgripi sína. Stór þáttur í þessu eru afkvæmarannsóknirnar en reynt er að velja sem mest af yngri hrútunum í gegnum slíkar prófanir til að fá sem allra best mat á það hvaða gripum skal hleypt í gegnum nálaraugað og hverjir teknir inn á stöð. Haustið 2018 voru 5 slíkar rannsóknir vegna sæðingastöðvanna og verða þeim gerð hér örstutt skil en töflur með niðurstöðunum munu verða aðgengilegar á heimasíðu RML.

HESTUR, BORGARFIRÐI

Á Hesti var afkvæmarannsókn með nokkuð hefðbundnum hætti. Þar voru 10 veturgamlir hrútar í samanburði auk þess sem einn aðkomuhrútur var prófaður, Leynir 16-522 frá Haukatungu Syðri 2. Leynir kom ákaflega vel út í afkvæmarannsókninni en honum entist ekki aldur til að fara á sæðingastöð. Þeir hrútar sem stöðvarnar festu sér að lokinni afkvæmarannsókninni voru Drjúgur 17-808, Glæpon 17-809 og Köggull 17-810. Mælingar lamba fóru fram um miðjan september og slátrun 28. september. Um mælingar og stígun lamba sá Eyjólfur Kristinn Örnólfsson.

STÓRA-VATNSHORN HAUKADAL

Á Stóra-Vatnshorni voru 9 hrútar í samanburði. Af þeim voru 4 fæddir þar heima. Þarna voru 3 hálfbræður frá Hlíð í Hörðudal, þeir Fleki 16-006, Frami 16-007 til heimils á Stóra-Vatnshorni og Svabbi 16-656 til heimils á Harrastöðum. Þeir eru allir synir hins merka Dúdda 14-699. Einnig voru prófaðir þeir Dalamon 14-333 frá Háafelli og Simbi 16-088 sem fæddur er á Hesti en var í eigu Sigurðar á Vatni. Þegar niðurstöður lágu fyrir var ljóst að þarna væru nokkrir mjög athyglisverðir kynbótahrútar en því miður var enginn þeirra nógu lífseigur til að komast alla leið á sæðingastöð. Dómar fóru fram 18. september og slátrun í beinu framhaldi. Dómar voru í höndum Árna B. Bragasonar en Sigvaldi Jónsson ómmældi.

MIÐDALSGRÖF STEINGRÍMSFIRÐI

Í Miðdalsgröf voru 10 kollóttir hrútar bornir saman. Af þeim voru 4 lánaðir til prófunar. Lánshrútararnir voru þeir Flótti 15-232 frá Melum sem er til heimilis á Klúku, Greifi 15-046 frá Árbæ, sem er til heimilis í Þorpum, Ás 16-162 frá Heydalsá 2 og Lokkur 15-042 frá Árbæ. Tveir hrútar fóru á sæðingastöðvarnar að loknu uppgjöri rannsóknarinnar en það voru þeir Dúlli 17-813 og Guðni 17-814, báðir frá Miðdalsgröf. Mælingar í Miðdalsgröf fóru fram 18. september og slátrun í framhaldi. Um dóma sá Eyþór Einarsson og ómmælingar Svanborg Einaradóttir.

LEIFSSTAÐIR ÖXAFIRÐI

Á Leifsstöðum voru 12 hrútar í samanburði. Aðkomuhrútar voru 4, Ares 15-777 frá Klifshaga 2, Dímon 14-288 frá Þverá og Hafrafellstunguhrútararnir Dvergur 16-101 og Hrólfur 16-103. Hrólfur stóð efstur eftir heildaruppgjöri en entist ekki aldur til að fara á sæðingastöð. Eiríkur 15-803 var annar í röðinni og var hann falaður til notkunar á stöð. Dómar fóru fram 12. september. Slátrun fór fram 14. september. Dómari var Eyþór Einarsson og ómmælingamaður Sigurður Þór Guðmundsson.

SKARÐ Í LANDSVEIT

Hér voru 7 hrútar í samanburði. Aðkomuhrútar í þeim hópi voru Askur 17-112 frá Kaldbak, Blossi 16-158 frá Teigi og þeir Bildur 14-800 og Raxi 15-807 frá Árbæjarhjáleigu. Að rannsókninni lokinni var falast eftir þeim Bild og Raxa til notkunar á sæðingastöðvunum.

Dómar fóru fram 25. september. Við mat á niðurstöðum kjötmats var bæði horft til slátrunar sem fram fór í kjölfar mats á lifandi lömbum og slátrunar seinna um haustið. Dómari var Fanney Ólöf Lárusdóttir og um ómmælingar sá Pétur Halldórsson.

Að lokum eru þeim færðar þakkir sem sáu um framkvæmdir afkvæma rannsóknanna og lánuðu sína bestu gripi til prófunar.

SAUÐFJÁRSETUR Á STRÖNDUM

Sauðfjársetur á Ströndum er safn og menningarstofnun sem er til húsa í rúmgóðu félagsheimili sem heitir Sævangur. Það stendur við Steingrímsfjörð, um það bil 12 kílómetrum sunnan við Hólmavík. Húsið var byggt árið 1957, en Sauðfjársetrið hóf starfsemi í Sævangi árið 2002.

Í Sævangi fer öll starfsemi Sauðfjársetursins fram og hún er heldur betur líflæg og viðamikil. Þar er uppi sögusýning um sauðkindur og sveitafólk á Ströndum og jafnan eru líka nokkrar tímabundnar sérsýningar um margvísleg efni, veitingastofan Kaffi Kind og dálítil minjagripabúð. Á þremur tímabundnum sögusýningum sem nú eru uppi er fjallað um álagabletti, siðinn að senda börn í sveit og núna er nýopnuð sýning um Strandir fyrir einni öld, árið 1918. Allar þessar sýningar verða aðgengilegar a.m.k. út næsta sumar.

HRÚTAPUÐ OG FURÐULEIKAR

Í Sævangi fara einnig fram margvíslegir viðburðir á vegum Sauðfjársetursins, upptakur og skemmtanir, jafnt að sumri sem vetri. Best sótti viðburðurinn er vafalítið Íslandsmótið í hrútaðómum sem alltaf er haldið í ágústmánuði. Þar kemur fjöldi fólks saman, víða af landinu og á skemmtilegan dag saman. Einnig er jafnan góð mæting á Furðuleika sem haldnir eru í tengslum við Hamingjudaga á Hólmavík, margvísleg kaffihlaðborð og heilmikla Sviðaveislu á haustin.

Yfir veturinn er svo nóg að gera við sögustundir, spilavist og spurningaleiki, málfing og fyrirlestra, fundi og margvíslegan mannfagnað. Sævangur hefur þannig haldið hlutverki sínu sem félagsheimili fyrir félagslynda íbúa á svæðinu. Safnið er samkomustaður þeirra og fjölmargir Strandamenn og nágarnar þeirra hittast þar margsinnis á ári hverju og eiga góðar stundir saman.

VINSÆLL ÁNINGARSTAÐUR FERÐAFÓLKS

Á sumrin stoppar talsvert af ferðafólki á Sauðfjársetrinu, bæði íslensku og erlendu og fer alltaf fjölgandi í síðarnefnda hópnum. Nú koma um það bil 5 þúsund manns í heimsókn á sumrin, en opið er alla daga frá 1. júní til 31. ágúst frá kl. 10-18. Siglfirðingurinn og ferðabóndinn Ester Sigfúsdóttir á Kirkjubóli veitir Sauðfjársetrinu forstöðu og fleiri starfa þar sumarlangt. Á sumrin er oft heilmikið líf og fjör í Sævangi, því Náttúrubarnaskóli er líka rekinn í tengslum við safnið og hafa námskeið, útivist og viðburðir hjá honum verið vinsæl hjá náttúru- börnum á ýmsum aldri. Náttúrubarnahátíð er svo hápunktur sumarsins og verður um miðjan júlí á næsta ári.

Gestir fræðast ekki aðeins um sjálfa sauðkindina og það sem henni tilheyrir á Sauðfjársetrinu, heldur ekki síður um búskaparhætti fyrr og nú, verkefni bændaþólks árið um kring og mannlíf og menningu í sveitum. Þó fjallað sé almennt um tengsl sauðkindarinnar við sögu og menningu þjóðarinnar er kastljósið í sýningum Sauðfjársetursins að stærstum hluta á Strandir.

HRÚTABANDIÐ GERIR LUKKU

Vinsælasti gripurinn á safninu er svokallað hrútaband. Það hafði lengi verið um hálsinn á hrút nokkrum á Broddanesi, allt þar til safnið var opnað árið 2002. Þá var verið að safna gripum í sveitunum í kring, til að hafa á sýningunni og þá lenti þetta band í glerkassa á safninu. Hugmyndin var að fólk gæti opnað lokið og lyktað af bandinu, kannski meira í gamni en alvöru. Hrútabandið sló í gegn og er þarna ennþá, vekur jafnan mikla gleði og kátínu gesta, og það er svo stórmerkilegt að lyktin virðist heldur aukast með árunum.

Sauðfjársæðingar

Námskeið fyrir sauðfjársæðingur, þá sem hafa áhuga á að starfa í faginu, sem og þá sem starfa nú þegar við sauðfjársæðingar.

Kennsla: Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

Tími: Boðið verður upp á tvö námskeið:

I: Mán. 26. nóv, kl. 13:00-18:00 hjá Lbhí á Hesti í Borgarfirði

II: Þri. 27. nóv, kl. 13:00-18:00 á Stóra Ármóti í Árnessýslu

Verð: 18.900kr

Endurmenntun Lbhí



www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

Fyrir sauðfé

Mikið úrval af sauðfjártengdum vörum

Margar tegundir bryningartækja



Hrútabelti og litir fyrir fengitímamann



Ormalyfs- og bólusetningasprautur



Landsins mesta úrval af rúningsvörum



Margar gerðir af klaufsnyrtiklippum



Allt fyrir smalahundinn! Fóður, bækur, myndbönd, flautur og fleira.



Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2018

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
Hyrndir hrútar:							
10-920 Kölski	254	18,0	9,70	6,54	6,3%	45,7%	48,8%
11-946 Borkó	102	17,6	9,18	6,85	3,9%	37,3%	39,2%
11-947 Kraftur	229	17,9	9,94	6,50	8,3%	50,2%	52,8%
11-959 Hörður	136	18,2	10,47	6,99	12,5%	58,8%	39,0%
12-960 Malli	259	17,0	9,37	6,53	5,8%	36,7%	52,9%
13-951 Burkni	553	17,5	9,97	6,32	10,1%	47,6%	55,2%
13-953 Dreki	445	18,0	9,80	6,24	5,4%	51,5%	58,7%
13-954 Tangi	171	17,9	10,00	6,60	8,2%	51,5%	50,3%
13-961 Bergur	520	18,2	9,48	6,71	4,4%	41,7%	44,4%
13-962 Klettur	650	18,3	9,91	6,41	9,1%	48,2%	49,4%
13-963 Stólpi	126	17,5	9,62	6,44	6,3%	41,3%	52,4%
13-964 Toppur	127	18,3	10,46	6,46	17,3%	48,0%	53,5%
13-984 Gutti	623	18,3	9,46	6,81	4,5%	40,9%	43,0%
13-985 Lási	598	18,4	9,88	6,62	7,9%	48,0%	49,7%
14-966 Vinur	323	17,7	10,48	6,75	13,9%	55,7%	44,9%
14-986 Bergson	45	17,6	9,67	6,33	2,2%	51,1%	53,3%
14-987 Frosti	418	17,9	9,90	6,95	7,9%	50,0%	39,2%
14-988 Tvistur	450	18,4	10,40	6,51	14,2%	53,6%	49,3%
15-967 Bjartur	652	18,1	10,40	6,99	16,1%	50,3%	38,5%
15-968 Tinni	179	17,7	10,21	7,21	11,7%	52,0%	34,1%
15-969 Hroki	104	18,2	10,19	7,17	10,6%	51,9%	27,9%
15-989 Drangi	384	18,3	10,05	6,39	8,1%	52,3%	53,4%
15-990 Mávur	643	17,6	10,00	6,06	9,3%	49,5%	65,3%
15-991 Njörður	133	17,1	9,62	6,32	6,8%	43,6%	47,4%
15-992 Óðinn	548	18,1	10,33	6,60	14,6%	49,6%	51,3%
16-993 Dímon	335	18,4	10,27	6,55	11,3%	54,0%	52,2%
16-994 Durtur	249	18,2	10,65	7,04	19,7%	49,8%	34,1%
16-995 Fáfñir	413	17,6	10,19	6,23	9,2%	55,9%	61,3%
16-996 Kubbur	80	17,3	9,58	6,61	5,0%	45,0%	43,8%
Kollóttir hrútar:							
11-979 Blær	341	18,9	9,44	6,72	3,8%	41,6%	45,5%
12-970 Brúsi	202	19,5	9,89	6,85	6,4%	51,0%	42,1%
12-980 Lampi	253	18,7	9,68	6,82	4,7%	48,2%	43,9%
13-940 Krapí	50	18,2	9,62	6,90	4,0%	50,0%	40,0%
13-941 Serkur	166	18,7	9,92	7,31	5,4%	56,6%	31,3%
13-944 Magni	81	19,8	10,67	7,25	12,3%	64,2%	33,3%
13-971 Ebiti	175	18,8	10,13	7,04	12,6%	46,9%	36,0%
13-981 Molli	326	18,8	9,76	6,69	7,4%	46,3%	46,6%
13-982 Móri	339	19,0	9,78	6,86	4,7%	51,6%	40,1%
14-972 Fannar	174	19,4	9,88	7,11	4,0%	56,3%	33,3%
14-973 Plútó	49	18,1	9,29	6,86	6,1%	34,7%	30,6%
15-983 Kollur	332	19,2	10,07	6,95	6,6%	57,5%	38,3%

*Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 29. okt. 2018

ÁRANGUR SÆÐINGA VORIÐ 2018

EFTIR SÆÐINGASTÖÐVAHRÚTUM, ÓSAMSTILLTAR ÆR, FERKST SÆÐI

Númer og nafn	Sæddar ær	Árangur	Fædd lömb/á
HYRNDIR HRÚTAR:			
10-920 Kólski	490	54%	1.78
11-946 Borkó	168	64%	1.77
11-947 Kraftur	361	58%	1.86
11-959 Hörður	196	66%	1.89
12-960 Malli	296	68%	1.92
13-951 Burkni	827	63%	1.82
13-953 Dreki	643	64%	1.80
13-954 Tangi	233	52%	1.87
13-961 Bergur	673	68%	1.84
13-962 Klettur	855	72%	1.89
13-963 Stólpi	178	57%	1.71
13-964 Toppur	131	67%	1.79
13-984 Gutti	868	69%	1.83
13-985 Lási	892	69%	1.88
14-966 Vinur	356	70%	1.95
14-986 Bergson	79	61%	1.93
14-987 Frosti	708	61%	1.85
14-988 Tvistur	730	66%	1.84
15-967 Bjartur	968	66%	1.85
15-968 Tinni	269	66%	1.85
15-969 Hroki	168	66%	1.94
15-989 Drangi	610	61%	1.87
15-990 Mávur	1.015	69%	1.86
15-991 Njörður	216	68%	1.95
15-992 Óðinn	692	67%	1.92
16-993 Dímon	575	58%	1.82
16-994 Durtur	399	69%	1.82
16-995 Fáfmir	619	64%	1.89
16-996 Kubbur	88	82%	1.91
	14.303	65%	1.86
KOLLÓTTIR HRÚTAR:			
11-979 Blær	557	59%	1.72
12-970 Brúsi	284	66%	1.84
12-980 Lampi	437	62%	1.76
13-940 Krapí	86	65%	1.84
13-941 Serkur	234	69%	1.84
13-944 Magni	112	74%	1.73
13-971 Ebiti	260	64%	1.90
13-981 Molli	516	66%	1.76
13-982 Móri	577	69%	1.79
14-972 Fannar	257	69%	1.84
14-973 Plútó	81	64%	1.95
15-983 Kollur	533	65%	1.86
	3.934	65%	1.80
AÐRIR HRÚTAR:			
09-939 Lobbi	8	75%	1.80
12-978 Melur	19	54%	1.93
13-976 Gils	54	70%	1.85
15-977 Nikulás	33	59%	1.76
	114	65%	1.82
Samtals	18.351	65%	1.84
Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands	9.291	66%	1.84
Sauðfjársæðingarstöð Suðurlands	9.060	65%	1.85
Samstilltar ær allt landið	943	44%	1.73
Samstillt á öðru gangmáli allt landið	404	65%	1.95
Fryst sæði allt landið	240	48%	1.59

*Gögn miðast við stöðu gagnagunnns 2. nóv. 2018

SAUÐFJÁR- SÆÐINGAR & BEIÐSLI

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember.

Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 24-36 klst. eftir að beiðslíð byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ána.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahettur adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggjð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

MEÐHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Kæla þarf sæðið niður í 5°C eftir kl. 13.00 og geyma það og flytja þannig þar eftir. Fordast skal allar hitasveiflur en þær geta drepið sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráíð vel áður en það er sett í sæðingatækið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sædistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kútninn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

ÞÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.

Ministrá skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.

Mediumstrá skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.

Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja upppiðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabrusa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þitt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.

Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.

Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísí er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.

Þurrikið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.

Þídd strá skal nota samstundis.

Hitið sæðingatækið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráíð er sett í.

Passið að sæðingatækið sé þurrt.

Eftir að stráíð hefur verið sett í sæðingatækið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.

Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

Athugið að upppið strá skal nota strax!

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv. Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

SKRÁNING SÆÐINGADAGBÓKA

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

SKRÁNING Í FJARVIS.IS

- Skráíð ykkur inn á www.fjarvis.is.
- Veljið <Skrá sæðingu> í valröndinni vinstra megin.
- Skráíð
 - kennitölu sæðingamanns,
 - sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar,
 - tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút.

Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

SAMSTILLINGAR

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál ána sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið talsvert lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að beiðandi ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslíð sést.

SÆÐING Á ÖÐRU GANGMÁLI FRÁ SAMSTILLINGU

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillinga og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2-3 daga í röð.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 30-36 klst. eftir upphaf blæsmiss.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

SAMSTILLING

Svampur hafður í 14 daga.

Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15.

Svampar settir í 29. nóvember.

Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI

Svampur hafður í 14 daga.

Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15.

Svampar settir í 13. nóv.

Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8.

Sæðing 16. desember kl. 15.

Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 ána að ganga.

Hvernig nærðu sem hæstu fanghlutfalli í sæðingum

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum.

Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin.

Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark.

Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu.

Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

GÓÐ RÁÐ



VERNDANDI ARFGERÐ

ARR/ARR; ARR/ARQ;
ARR/ARH; ARR/AHQ

Erfðafræðilega mest
verndandi. Finnst ekki
í íslensku fé.



LÍTIÐ NÆM ARFGERÐ

AHQ/AHQ;
AHQ/ARQ

Erfðafræðilega lítið
næm fyrir smiti.



MIÐLUNGS NÆM ARFGERÐ

ARQ/ARQ

Hlutlaus arfgerð. Algengasta
arfgerðin í íslensku fé.



ÁHÆTTU ARFGERÐ

ARQ/VRQ; AHQ/VRQ;
VRQ/VRQ

Erfðafræðilega mikið
næmi fyrir smiti.

ARFGERÐIR SAUÐFJÁR

SIGRÚN BJARNADÓTTIR | Dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma, Mast
STEFANÍA ÞORGEIRSDÓTTIR | Sérfræðingur við Tilraunastöðina á Keldum

Rannsóknir sýna að næmi sauðfjár fyrir riðusmiti er breytilegt út frá svokallaðri PrP arfgerð þríongena. Vitað er að VRQ genasamsætan er tengd við mikið næmi fyrir hefðbundinni riðuveiki. ARQ og ARH genasamsæturnar eru í meðallagi næmar og AHQ er með lítið næmi. ARR-genasamsætan veitir viðnám gegn smiti og mun arfhreina arfgerðin ARR/ARR vera afar þolin gagnvart smiti.

Undanfarin ár hefur verið vöktun á arfgerðum þríongensins í kindum sem greinast með riðu og hafa tvö jákvæð tilfelli verið staðfest með arfgerðina AHQ sem upphaflega var talin geta veitt vernd gegn riðu í íslensku fé. Í báðum tilvikum var um einkennalausar kindur að ræða (sláturhúsasýni og niðurskurðarsýni).

Þetta bendir til að sú arfgerð gefi ekki þá vernd sem áður var talið. Einnig hefur komið í ljós að sú arfgerð er algeng í tilfellum Nor98 riðu, en sú gerð riðu er ekki talin smitandi og því ekki þörf á niðurskurði þar sem hún greinist.

Það er hins vegar ekki þar með sagt að arfgerðin veiti enga vernd heldur getur hún minnkað líkur á að kindur

taki smit. Meiri líkur eru á að kindur með áhættuarfgerðina VRQ smitist af riðuveiki, sé smitefnið til staðar í umhverfi þeirra. Því ætti að leggja áherslu á að fækka fé með þá arfgerð.

Á áhættusvæðum þar sem riða hefur greinst á síðastliðnum 20 árum er arfgerðargreining mikilvægur liður í fyrirbyggjandi aðgerðum. Sérstaklega er þetta mikilvægt

á búum þar sem riða hefur greinst á árum áður. Einnig ættu söluaðilar á líflambasölusvæðum að vinna í því að losa hjarðir sínar við einstaklinga með áhættuarfgerðir.

Íslenska fjárkynið hefur færri genasamsætur en erlend fjárkyn, þölnu genasamsæturnar ARR og ARH finnast til að mynda ekki.



Fjárbætir



Efnainnihald:

Prótín	16%
Aska	9,36%
Fita	3,96%
Tréni	9,5%
VEM	932

Óerfðabreyttur fjárbætir

Kemur í 20 kg pokum.

Verð aðeins 1.990 m/vsk




LANDSTÓLPI 

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Kaupvangi 10,
700 Egilsstöðum
480 5610/895 2414

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók



DANÍEL HANSEN

FRÆÐASETUR UM FORYSTUFÉ

Mynd: Prins Oscar frá Sandfellshaga 2.
Ljósmyndari: Neil Robertsson.

Fræðasetur um forystufé er á Svalbarði í Þistilfirði. Þar er safnað saman upplýsingum um forystufé og sýning um í máli og myndum. Auk þess að miðla upplýsingum um forystufé fer ýmis önnur starfsemi fram en allt tengist það forystufé. Forystufé er sérstakur fjárstofn sem hvergi er til nema á Íslandi og aðeins eru til um 1.000 hreinræktaðar forystukindur. Okkur ber því skylda til að varðveita þennan einstaka stofn.

Núna stendur yfir rannsókn á erfðafnum í forystufé í Norð-Austurhólfi með tilliti til arfgerðar gagnvart riðu. Niðurstöður úr þeim rannsóknum verða birtar í vetur. Allt forystufé landsins er ættað úr þessu hólfi þar sem þar má taka hrúta á sæðingastöð og þaðan eru einnig seld ásetningslömb um allt land. Þess vegna er gott að geta styrkt styrkt stofninn með ræktun á forystufé sem er með lítið næmar arfgerðir gagnvart riðu.

Ull af forystufé er fengin hjá bændum og unnið úr því band hjá Uppspuna og einnig er ullin handspunnin af spunakonum í Lundarreykjadal. Ull af forystufé er mýkri en af öðru fé og vinsældir hennar alltaf að aukast. Gömul sögn segir að sá sem klæðist fatnaði unnum úr ull af forystufé rati alltaf heim!

Tvírreykt hangikjöt af forystufé er unnið í Fjallalambi og er selt í veitingahúsinu Fjárhúsið í Reykjavík. Verið er að markaðssetja það í sérgerðum neytendapakningum. Hangikjöt af forystufé er öðruvísi en af öðru fé enda er það sérstakur stofn.

Allar upplýsingar um Fræðasetur um forystufé og það starf sem þar fer fram er hægt fá upplýsingar um á heimasíðu þess, www.forystusetur.is

New Holland T5



- Mótor: 4 strokka 3,4 ltr 107 hestafla
- Gírkassi: 24x24 með vökvavendigir
- Vökvadæla: 64 ltr
- 3 vökvaventlar (6 vökvaúttök)
- 3 hraðar í aflúttaki 540/750/1000 sn/mín
- Ökumannshús með loftkælingu
- Loftpúðasæti ökumanns
- 6 vinnuljós og 2 blikkljós á þaki
- Rafstýrð stjórnun á beislisbúnaði
- Vökvalyftur undirliggjandi dráttarkrókur og opnir beislisendar
- Frambretti og brettubreikkanir að aftan ásamt stjórnþúnaði fyrir lyftu og PTO
- Dekkjastærð: Framdekk 440/65R24
Afturdekk 540/65R34

Eigum til örfáar vélar á eldra gengi

Tilboðsverð

6.460.000.- kr. án vsk.

(8.010.400.- kr. með vsk.)



New Holland T5.105 DC



RÁÐGJAFARMIDSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS

Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi

**Hafðu samband og við
tökum vel á mót þér.**

Hringdu í síma 5165000
eða pantaðu ráðgjöf á
heimasíðunni okkar rml.is



Gæði – alla leið!

ÍSLENSKA SVEITIN OG SS – FYRIR ÞIG

Stefán Geirsson og Silja Rún Kjartansdóttir í Gerðum eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS.



Oddur Árnason
KJÖTMEISTARI ÍSLANDS 2018

„Til að skapa afbragðs SS kjötvörur þá eru gæði hráefnisins og uppruni lykilatriði. Vönduð vinnubrögð góðra bænda ásamt réttri meðhöndlun tryggja að kjötvörur frá SS skila gæðum alla leið á diskinn þinn.“

